

KRISTRÚN Í HAMRAVÍK

leikverk byggt á skáldsögu
eftir Guðmund Gíslason Hagalín

Hallgrímur Hróðmarsson
og Árni Blandon

Hveragerði – Reykjavík – Selfoss
2021

PERSÓNUR

Kristrún í Hamravík áttæð bóndakona á Vestfjörðum
Falur yngri sonur Kristrúnar
Aníta vinnustúlka; síðar kærasta Fals
Jón Tímóteusson hreppstjóri
Ólafur eldri sonur Kristrúnar
Hamravíkur-Kollur Draugur
Vilhelmína Meykóngur í Hollandi
Hinrik Ektamaki meykónsins

Leikritið gerist að mestu leiti í baðstofunni í Hamravík

Kynning á verkinu Kristrún í Hamravík

Sagan er eitt besta verk Guðmundar G. Hagalíns. Aðalsöguhetjan, Kristrún, er ein af eftirtektarverðustu persónum í íslenskum bókmenntum. Guðmundur hafði tvær konur á Vestfjörðum sem fyrirmyndir að Kristrúnu. Málfar Kristrúnar er mjög sérstætt – töfrum hlaðið. Við sem skrifuðum þetta verk erum þeirrar skoðunar að halda ætti orðfærinu að mestu við flutning verksins. Með skýrri framsögn og öruggu látbragði mun áhorfandinn skilja það sem fram fer – þó eitt og eitt orð sé framandi.

Fyrri þáttur: Kristrún er orðin gömul, situr mestan part á rúmi sínu og þrjónar. Hún vill tryggja að yngri sonur hennar, Falur, taki við búinu. Hamravík er með dýrari jörðum á norðanverðum Vestfjörðum, mikil hlunnindajörð. Kristrún lætur sig dreyma um að Falur kvænist áður en hún deyr. Henni verður að ósk sinni um stúlku handa Fal vegna þess að stúlkan Aníta kemur til Hamravíkur, en hún er að flýja frá yfirvöldum þar sem hún er grunuð um að hafa fargað barni sínu sem hún ól „úti um hagann“.

Seinni þáttur: Eldri sonurinn Ólafur hefur gerst trúboði hjá bergenskum drottins sendiboðum. Hann kemur heim og vill selja jörðina og flytja í Tangarkaupstað. Hann reynir að fá Fal og Anítu til að samþykkja ráðagerðina. En Kristrún kann ráð gegn slíku ráðabruggi og lætur sig ekki muna um að kalla drauginn Hamravíkur-Koll til hjálpar.

Verðugt að minnast skáldsins

Benda má á að árið 2023 eru 125 ár síðan skáldið Guðmundur G. Hagalín fæddist og því væri vel við hæfi að sýna þetta verk eða ákveðna hluta af því – annað eins á skáldið skilið af Íslendingum. Einnig má benda á að sama ár eru 90 ár frá því að Kristrún í Hamravík kom út.

Athugasemdir höfunda um leikverkið eru á blaðsíðu 47

FYRRI ÞÁTTUR

Baðstofan í Hamravík.

Í baðstofunni eru þrjú rúm, lítið borð og rautt koffort; yfir miðrúminu er hilla með bollum á, kistill fyrir framan rúmið. Yfir öðru rúmi er sperra þar sem týra hangir á nagla. Frambærinn, göngin (inngangur) og gluggi eru til sviðs-vinstri [frá leikurum séð], eldhús og búr til hægri ásamt útgangi.

1. ATRIÐI

Kristrún gamla í Hamravík situr á rúminu sínu og þrjónar. Hún er ein í baðstofunni. Inn kemur ung stúlka. Hún er með böggul undir hendinni. Stúlkan stansar en gengur svo til Kristrúnar og réttir henni höndina.

ANÍTA

Sæl.

KRISTRÚN

Sæl. (Horfir á stúlkuna og rær með þrjónana sína).

Stúlkan stendur og horfir ofan fyrir fæturna á sér – án þess að að kvika augunum. Það er engu líkara en hún sé orðin að steini.

Vill hún ekki tylla sér?

Stúlkunni bregður við, eins og hún vakni af dvala, og gengur að rúmi Fals, sest á stökkinn og lætur böggulinn detta á ábreiðuna.

Hvaðan kemur þessi kvenmaður? (Stingur þrjónsoddi undir skýluklútinn og klórar sér agnarlítið í hvirflinum).

ANÍTA

Hérna sunnan hlíð.

KRISTRÚN

O, rétt er nú það. Er hún kannski að selja Spádóma frelsarans?... Það þýðir ekki að bjóða þá bók hér. Það hefur verið reynt. Það þarf nokkur egginn fyrir þeirri bók. O, það held ég.

ANÍTA

Nei, ég er ekki að selja neitt.

KRISTRÚN

Hvað er hún þá að gera – og hvað ætlar hún fyrir sér?

ANÍTA

Ég veit, veit það ekki.

KRISTRÚN

O, sussu, sussu. Það er nú svo... Er hún ekki svöng?

ANÍTA

Jú.

KRISTRÚN

Og þreytt?

ANÍTA

Jú.

KRISTRÚN

Getur hún borðað súrsuð svartfuglsegg? Það telur maður nú undirstöðumat hér norður um. Betúel sæli færði mér þau alltaf á sængina. Það gerði hann, sá góði maður.

ANÍTA

Ég veit ... veit ekk-ekki... ég er ... er ekki hé-hé-ðan. (*Fer að gráta*).

KRISTRÚN

Já, já. Sitthvað er nú. O, það skyldi maður halda. (*Stendur upp og haltrar til stúlkunnar*). Vertu ekki að því arna, rýjan mín. Ég átti þau nú sjö börnin með honum Betúel Hallssyni – og ekki veit ég til að annað sé eftir en hann Falur sem sefur í þessu rúmhorni sem þú situr á. Einu gaf nú guð aldrei lífið – og þrjú dóu drottni sínum í þessari baðstofu og voru ekki jörðuð fyrr en í ótíma – því að þetta var á þorranum og íshella hér heilt upp á vík. Láfi minn fór með norskum – og ferðin sú varð eins og hjá arkarhrafnum¹ forðum til sællar minningar. Guðrún mín lenti í þennan Her, sem ég kann ekki að nefna – og var þar að einhverju spilverki. Nú, svo strikaði hún suður í þá stóru Babýlon og fannst þar á reki úti í eyjum. Hún komst víst í blöðin að mér var sagt, móðurmyndinni hennar. Og í fyrra lenti þar í, að hann Betúel sæli hrapaði úr bjarginu – og blóð og heilasletturnar út um allt. O, það held ég... En ekki grét hún ég. Ó, ekkí, rýjan mín. Það er búið sem búið er, segir hún Krístrún gamla Símonardóttir.

Stúlkan lítur á gömlu konuna og þurrkar framan úr sér með pilsgöpanum. Sú gamla sækir henni súrsuð egg – og dökkt vín úr rauðvínskvartil.

Ljós út

2. ATRIÐI

Morguninn eftir

Stúlkan sefur. Krístrún hefur fært til hennar mat og drykk; rennir til hennar augunum öðru hverju. Falur hefur matast og fer út, lítur ekki á stúlkuna. Þegar stúlkan fer fram úr rúminu leysir hún utan af bögglinum sínum. Tekur upp tvo kjóla, annan rósóttan að mestu hjálín, hinn ívið þykkri, rauðan og bláan. Þarna eru líka nærföt úr næfurpunnu lérefti og skyrtu sem er ekkert nema ermalausir handvegir. Loks eru sokkar úr þykku efni – og silkiborði, kambur og glas með hvítum vökva. Krístrún horfir á þetta og segir ekkert. Stúlkan er í gamaldags ullarskyrtu og vaðmálsbuxum. Hún fer úr skjólflíkunum og klæðir sig í sokka og skó og spennir á sig lífstykki og fer í annan kjólinn. Svo greiðir hún sér og fléttar hárið.

ANÍTA

Þú gætir kannski fengið mér eitthvað að gera?

KRISTRÚN

Hún kann náttúrliga sitthvað, dúfan?

¹ Þegar Nói í örkinni vildi vita hvað liði flóðinu mikla sendi hann frá sér hrafn áður en sendi dúfuna. Hann bjóst við að hrafninn myndi koma aftur ef hann finndi ekki þurrt land. En krumminn kom ekki til baka. Sagt er að hann hafi fundið dauðan hval á floti og sest þar niður og gætt sér á honum í stað þess að snúa aftur til arkarinnar. Dúfan kom aftur á móti til baka með laufgaða trjágrein í gogginum.

ANÍTA

Svona að halda á nál, já.

KRISTRÚN

Minna um þrjónaverkið... Jú, ég held maður hafi æsis nóg. Það skyldi maður ætla... Hérna hef ég nú eitthvað handa henni... Þær standa ekki ýkja lengi við, buxurnar, á honum Fal. (*Tekur buxur sem hanga á rúmstuðlinum hennar*). Sko! Þær eru svo sem jafnvakrar aftan og framan... Hérna er stoppnálgrey og band, dúfan.

Stúlkan tekur við buxunum og fer að stoppa – lítur ekki upp frá verkinu. Krístrún gefur henni gætur – rær ívið meira en hún er vön. Hún fer fram á dyraloft og sækir sér band. Byrjar síðan aftur að þrjóna - snýr sér til hálfvís við í rúminu – ræskir sig og lítur fast og rólega á stúlkuna.

KRISTRÚN

Þú hefur ekki sagt mér ennþá, dúfan, hvað þú heitir.

ANÍTA

Ég... ég heit-heiti An-Aníta.

KRISTRÚN

Já, ekki segi ég mikið. Ananíta. Það var nafn.

ANÍTA

Nei, Aníta.

KRISTRÚN

Nú, Aníta. Á, aldeilis. Ekki hefur maður heyrt það nafn hér norður um. Ekki man ég eftir því í henni ritningu – og ekki hjá séra Hallgrími eða meistara Jóni mínum. Ekki heldur í þeim rímum, sem Betúel sæli kvað... En með leyfi, hvers dóttir ertu?

ANÍTA

Ég er Hansen. Faðir minn var norskur.

KRISTRÚN

O, süssu já. Já, norskur rétt. Svo sagði hún. Huhum... Og hvar er hún uppálin?

ANÍTA

Ja, eiginlega hjá afa og ömmu – hér vestur frá... En svo fór ég í vist, þegar ég var 15 ára, og hef verið að heiman síðan.

KRISTRÚN

Og víða farið og margt séð og skoðað, trúlega? Æi, jæja.

ANÍTA

Onei. Ég hef verið í Reykjavík í húsi – og eins í Keflavík. Svo var ég sumar á Siglufirði og annað austur á Fjörðum.

KRISTRÚN

Já, nokkur er nú veröldin utan við hana Hamravík... En það sigla ekki allir í henni sama vindinn. Ó, ekkí.

Og hvað var það nú, sem dreif þig hingað, rýjan mín?

Aníta lætur hendurnar síga í keltuna. Lítur skelfd á Krístrúnu.

Æ, vertu nú ekki að því arna, vesalingur. Ekki held ég hún ég eða hann Falur förum að gera okkur ferð með þig og angefa þig. En þú ert nú komin hingað – og að það sé eitthvað – það þarf mér enginn að segja. Ég þykist vita, að þú eigir ekki í annað hús að venda – og þá er nú ekki um fleiri að gera en þig og hann Fal, svo ég kann betur við að vita það hreint og klárt eins og það er. Þó hann fari hægt, hann Falur Betúelsson, þá er hann líklega líkur honum Betúel sæla Hallssyni, sprettharður og umsvifalaus, þegar það fer í hann og svo stendur á – sem betur fer, segir nú hún ég.

Aníta horfir á Krístrúnu.

Jæja, jæja, góin. Hún um það. En það er nú eins og það er. Hún Krístrún gamla í Hamravík vill ekki vita það kvenfólk svona alveg fyrir augunum á honum Fal, sem hún þekkir hvorki á hausinn né sporðinn, og hún verður rétt að taka það með í reikninginn, sú heiðarlega stásmey, Aníta Hansen, ef hún vill njóta þeirrar aðbúðar einhverja stund, sem okkar formegun leyfir.

ANÍTA

Ég... ég hef ekki... ekki hugsað mér... að... að... með hann Fal.

KRÍSTRÚN

Hefur hún ekki hugsað sér, segir hún. Ætlar hún að fara að berja það framan í mig, að fólk hugsi um svoleiðis? Ég held þá, að það verði lítið úr þönkunum, þegar óstjórnin kemur yfir mann – og þið kannski úti á hlíð eða frammi á dal. O, sussu og sei! Það er við stóran að deila, lambið mitt. Við erum nú ekki fæddar í gær, ég og hún Krístrún gamla Símonardóttir, þó við séum hér út og norður á hala veraldar. O, jæja, jamm, dúfan.

Aníta lítur ýmist út um gluggann – eða á Krístrúnu. Hún bítur á vörina og fer að stoppa í buxurnar. Andartakspögn en svo lætur hún hendurnar falla í kjöltu sér.

ANÍTA

(Varfærnislega). Ég var trúlofuð... Það er satt. Ég var það.

KRÍSTRÚN

Á, var það. Humm. Hún hefur nú líka sjálfsgagt verið það, hún Gunna mín, veslingurinn... Nú, nú. Og hvað svo?

ANÍTA

Nú, svo fór hann frá mér, og ég... ég var...

KRÍSTRÚN

Æi, jæja. Á svei. Óstjórnin komið yfir þig. Það mætti segja mér það.

ANÍTA

Og svo fór ég úr Reykjavík og ætlaði heim, en þá var það of... of sei... eint.

KRÍSTRÚN

Já nú tekur í. Áttirðu það þá á leiðinni. Ekki þó einhvers staðar og einhvers staðar?

ANÍTA

Á leiðinni, jú... vestur í Dölum.

KRÍSTRÚN

Úti um hagann?

ANÍTA

Ja-ha-há. Fra-fram á da-al.

KRISTRÚN

Já, aldeilis... Og komst þó til bæja með það, veslingur.

ANÍTA

Það var ekki lifandi!

KRISTRÚN

Uhu... En þú komst þó til bæja?

ANÍTA

Ja-á... Og ég sagði frá því strax og ég vissi af mér.

KRISTRÚN

O, Anítuskinn... Og svo varð uppistand. Gáfnafarið hjá því! Já, ekki spyr maður að. O, svei, svei.

ANÍTA

Það fór að tala um að sækja prest... og lækni... og hrepp-hreppstjóra.

KRISTRÚN

Og þá lézt þú ekki standa á að rjúka af stað – svona eins og þú varst. Sjáum þá stuttu. Þá þarftu nú ekki að segja meira. Ekki er kyn, að þú værir kvalræðisleg, rýjan, þegar þú rakst hér inn úr dyrunum. O, svei og svei! Svona er manneskjan. Það er stutt í skilningnum... Æ, vertu ekki að vola, veslingur. Ég hef ekki átt við það um dagana. Það er þó skárri að drifa í land og lenda í næsta rúmi við hann Fal Betúelsson – með lífi og limum og fullri matarlyst. Það mætti segja mér, hróið, að það sé einhver ögn af meiningu með þessu. Þeim, sem steypiti honum Betúel sæla úr bjarginu og fór með barnungana eins og með þá var farið, hefur nú kannski eins og fundist það, að honum veitti ekki af því að leggja einhverja óveru inn á reikninginn sinn hérna í henni Hamravík... Og þá er nú að hætta að víla, Anítutetur, og láta sjá, hvaða innlegg er í þér... Annars er ég svo sem ekkert að draga þig í tvíl. Sá, sem hefur drifið þig hingað, hann stýrir stundum eftir þeim kompásnum, sem margur sá mætti öfunda hann af, sem hafskipin færir. O, jæja, jamm. Hann veit trúlega hvað hann syngur, himnafaðirinn.

Ljós út

3. ATRIÐI

Hellidemba er úti. Krístrún og Falur eru ein í baðstofunni. Aníta bramboltar í eldhúsinu.

KRISTRÚN

Hvernig er það, Falur skepnan. Ætlar þú ekki að reyna að bera þig neitt eftir því, sem himnafaðirinn hleypir svona upp í hendurnar á þér?

Falur situr kyrr, lítur ekki upp og svarar ekki.

Þér þýðir ekki að vera að leggja kollhúfur við því, sem ég segi. Þú verður rétt að venja þig á að taka hana tilveru eins og hún er. Og þær bita ekki bráðfeitari eða beltistækari en svona á krókinn þinn, hvort sem þú dorgar í honum Tangarkaupstað eða vestur í henni Straumavík. Æi, nei, nei, góurinn.

Falur strýkur skeggið og starir ofan í gólfið.

Finnst þér þær svo bragðlegar eða forstöndugar, maddömunar, hérna norðan við nesið? Þú ert kannski að hugsa um að leggja hana Hamravík í eyði og flytja með móðurmyndina þína í verbúðarræfil á Mölunum í henni Brimnesvík? Ó, nei, lambið mitt. Finn þú ekkert upp á soddan. Ég held ég hristi mig þá, Falur skepan.

Prjónarnir taka hopp upp undir höku og síðan skella olnbogarnir niður á hnén. Falur stendur upp og gengur út að glugganum, hallar sér í gluggakistuna og horfir út. Það hægir ofurlítið á prjónunum og Krístrún hefur ekki augun af honum. Hann er grafkyrr, svo réttir hann sig upp og lítur á móður sína.

FALUR

Hún er nú fokheld ennþá, baðstofan hérna, móðir mín – svo þess vegna...

KRISTRÚN

Fokheld, já! Ekki þarf ég að spyrja að því, því hana byggði Betúel sæli Hallson úr völdum viði, sem ég og hann bárum mestan part á okkar bókum heim af þessum sandi, sem hér er fyrir neðan. Já, það var piltur, sem signdi sig ekki oft áður en hann fór í skyrtuna sína, þó að þú þykist þurfa umþenkingar og véringar í öðru eins og þessu. Þú ert búinn að sjá það, að kvenmaðurinn er artugur og þéanlegur á margan handa máta – og þó að hún standi, þessi baðstofa, þér þó að þakkarlausu, þá er ekki aldeilis víst, hvað lengi döngun verður í mér til að bústanga og umsvifa.

Falur keyrir höfuðið aftur á bak, gáir upp í rjáfrið á baðstofunni, strýkur skeggið og gengur síðan þvergirðingslegur til dyra.

FALUR

(*Raular*)

„Til hvers er að tala um það þó tófan bíti.
Hún þarf að hafa eitthvert æti
á meðan hún dregst á fæti“.

Ljós út

4. ATRIÐI

Krístrún situr með prjónana sína og Aníta stoppar í sokka. Falur liggur þversum í rúminu með aftur augun.

FALUR

(*Rís á fætur*). Ætli ég gæti ekki fengið sparigarmana mína, móðir góð?

KRISTRÚN

Skárri er það nú ekki sen langsemin. Það er rétt þar um, að ég hangi upprétt með prjónagreyin. Það skyldi þó ekki vera aðsókn?... Sparigarmana þína? Ætlarðu kannski að að fara að leggja í einhverja ferðareisu?

FALUR

Það er trúi ég þing á morgun.

KRISTRÚN

Á, sei, sei! Og þú ætlar svo sem að strekkja þangað?

Kristrún lítur snöggvast til Anítu, sem er hætt að stoppa og horfir skelfd á Fal. Hann situr og gónir út um gluggann, tekur upp pontu sína og skekur hana, hallar síðan höfðinu aftur og stútar sig vel og lengi.

FALUR

Ehe, uhu.

KRISTRÚN

Nú, það er naumast þú snússar þig, Falur skepnan. (*Snýr sér að Anítu*). Kannski þú sækir fyrir mig, Anítuskinn, sparigallíónina af honum fram á dyraloftið. Ég held það sé best þú komir með þá bróderuðu, sem er í handraðanum á mörkistunni. Hann mun vilja stássa sig, hann Falur Betúelsson, ef ég kenni kempuna rétt.

Aníta stendur upp, lítur biðjandi á Kristrúnu og fer fram. Þegar hún er farin fram, réttir Kristrún úr sér í sætinu og reigir höfuðið heldur hressilega.

KRISTRÚN

Hún ætlar þér nú ekki minna, móðurmyndin þín, en að þú hafir vit á að vera ekki neitt að trana þér framan í sýslumannskindina eða hreppstjóratriði, þó að þeir kynnu að vera með einhverjar spurningar eða anstaltir út af henni Anítu. Það er aldrei nema rétt og rigtugt, að hún fæddi barnunga úti á guðs grænni jörð, einmana og yfirgefin af þeim, sem tálsnöruna lagði um hennar fót. Það er búið, sem búið er, barnunginn kominn í þá sælu hjörð, þar sem einn er hirðirinn, og Aníta, veslingurinn, orðin hér innsti koppur í búi... En færi nú svo, hvað mér finnst ekki að líkindum láta, að þú þættist tilneyddur að herma, hvar Aníta er niður komin, þá seg þú sem allra minnst. Komi þeir kóngsins þénarar hingað heim og tali utan í þá, sem hér á að heita húsmóðurnefnan, þá skal þeim verða boðið blítt eða strítt, eftir því sem við á og vömbin veltizt – og ekkert vanta upp á.

Falur svarar engu, lyftir brúnum og setur stút á munninn. Aníta kemur með splunkuný, steingrá vaðmálsföt. Hún færir Fal einnig brjósthlíf, gljáandi svarta, alla fönraða og flúraða. Hún er föl og undirleit. Hann fer að klæða sig og Aníta sækir vatn í fati, hvíta rýju, grænsápu og sína eigin greiðu. Falur gjóar hikandi á hana augunum. Svo þvær hann sér í framan, skolar hendurnar og ber greiðuna lauslega í hár sitt og skegg. Loks setur hann upp húfu og trefil. Hann gengur til móður sinnar, kyssir hana á blákinneinið, kemur rétt við hönd Anítu og fer svo út. Kristrún horfir á hann með aðdáun, en einnig er vanþóknun í augnaráðinu.

Ljós út

5. ATRIÐI

Aníta er á iði og hrekkur í kút ef Kristrún yrðir á hana, lítur sífellt út um gluggann.

KRISTRÚN

Þú hefðir átt að sjá hana tengdamóður mína næra sig, orðna gamla og farna. Hún var ekki að tvínóna neitt við það, en renndi í sig úr þremur og fjórum svartfuglseggjum, hráum úr hreiðrinu – og jafn ljúflega rann það niður og dropinn úr kútholunni hjá honum Betúel Hallssyni, hennar sælum syni og mínum ektamaka. Og mikið þykir mér það, ef ekkert af þeirri blessun, sem hún hefur látið ofan í sig á sínum bestu árum hér í Hamravík, bæði eggjum og þverhandarsíðum, fugli, lýsi, selspiki og fleira af því tæinu, hefur runnið í það kynið, að einhver agnarvottur af ósvikum merg sé í beinunum á honum Fal. Og þar sem

Hallur bóndi var þá ekki heldur neitt afvæli og Betúel sæli eins og hann var, þá mætti segja henni gömlu Krístrúnu Símonardóttur, að þú myndir til þess, lambið mitt, ef hann Falur á annað borð léti það detta í sig að leggja á þig lúku. O, jæja, jamm.

Aníta lítur út um gluggann og skelfur og nötrar.

Já, já. Nú mun hann enda sum sé vera að koma, sá góði maður. O, jæja, skepnan. Bregst ekki gömlum og góðum vana.

ANÍTA

En hann er... er ekki... ekki einn!

KRISTRÚN

Nú-ú. Svo hann er ekki einn. (*Stendur upp og haltrar að glugganum*). Ég sé nú orðið svo hræmulega. Rétt er það unginn minn, tvær eru þær, kempurnar fríðar. Æi, jæja... (*Stendur hikandi og klórar sér með prjónsoddi í vanganum. Lítur rólega en nokkuð þung á brún til Anítu*). Skrepptu fyrir mig fram á dyraloft, hræið mitt, og gríptu kútholugreyið. Þú getur sett hann hérna við rúmkornið mitt. Svo gætirðu labbað þig út í fjós og dundað þar eitthvað, rýjan mín.

ANÍTA

Er það... er það...? Ó, guð hjálpi mé-er! (*Grípur höndum fyrir andlitið*).

KRISTRÚN

(*Skekur prjónana. Höstug*). Hvað er að sjá að tarna! Reyndu að gera eins og ég segi þér, ráfa fram á loftið og svo út í fjós, en vera ekki að neinu bíleggeríi hér inni í baðstofu framan í manninum. Nú, nú! Sýndu það sé nú einhver mannæna í þér, skepnan!

Aníta snýr sér við og rýkur út úr baðstofunni. Eftir örskotsstund kemur hún með kúttinn, setur hann við rúmstokkinn hjá Krístrúnu og snarast út aftur. Umgangur heyrir frammi, og Falur kemur inn ásamt hreppstjóranum.

FALUR

(*Gengur til móður sinnar og kyssir hana á kinnina*). Sæl vert þú, móðir mín.

KRISTRÚN

Sæll vert þú, sonur vor. (*Lítur ekki upp frá prjónunum, lætur eins og hún sjái ekki hreppstjóran*).

HREPPSJÓRINN

Komdu sæl, Krístrún mín.

KRISTRÚN

(*Leggur frá sér prjónana með hægð. Hún setur hönd fyrir augu og horfir á gestinn nokkur augnablik. Slær sér síðan á lær*). Hva-hvað er þetta? Það er nú hvort tveggja, að hún er farin að sjá afmáanarlega, hún Krístrún gamla Símonardóttir, enda á hún nú bágt með að trúa sínum eigin augum! Er þetta sem mér sýnist, að það sé sjálfur hreppstjórinn okkar í Grundarhreppi, Jón Tímóteusson, sem stendur hérna fyrir framan mig á þessu baðstofugólfi norður í henni Hamrávík – sonur Tímóteusar míns í Litladal og hans sælu konu, Sigrúnar minnar Þórðardóttur?

HREPPSTJÓRINN

Jú, jú. Sá er víst maðurinn... Komdu nú sæl, Krístrún mín.

KRISTRÚN

Já, sæll vert þú, Jón – og velkominn sértu í þetta baðstofuhró hérna í henni Hamravík... Ja, nú þykir henni Krístrúnu gömlu guð gefa birtuna og daginn hérna í henni Hamravík... Falur Betúelsson! Ná þú sem snarast í stólskömmina þarna yfir í bjórnum – og settu hann hérna við stoðargreyið. Þeir mættu kannski bjóða hreppstjóranum sæti, hans undirsátar hér í þessum hreppi, því ekki hefur hann víst refsað þeim með skorpíónum fyrir þeirra margvíslegan breyskleika og skammarheit. Þeir mega rétt segja eins og séra Hallgrímur okkar, blessunin, í sínum góða sálmi um Péturs reiði og Malkusar eyra:

„Þú mátt þig þar við hugga
hann þekkir veikleik manns“.

Falur situr á rúminu sínu og gýtur augunum fálega til móður sinnar. Hún lítur ekki upp og rær ákaflega með þrjónana. Falur lognast til að standa upp, sækir stólinn og setur hann við stoðina. Þar sest hreppstjórinn stillilegur og rólegur. Krístrún hossar þrjónunum, lygnir aftur augum, lítur með andakt á Jón hreppstjóra.

Hvernig líður, Jón minn, þinni góðu konu og ykkar börnum? Hefurðu nokkuð frétt nýlega af þínum syni, Sveini, þeim forframaða manni?

HREPPSTJÓRINN

O, takk, bærilega, Krístrún mín. Konan var reyndar ansi lasin í vor, því fyrst kom influensuskolli, sem hún varð bara slæm af – og svo fékk hún einhverja illsku innan um sig... Jú, jú. Svenni minn skrifaði nýlega nokkrar línur. Hann var þá úti í Hamborg og sagðist vera á leiðinni heim. Hann gat ekki um neinn lasleika á sér, en það hafði samt verið að ganga þar einhver landfarsótt.

KRISTRÚN

Það er nú meiri billuskollinn, sem alltaf er að plaga ykkur þarna vestur í þessu fjölmenni. Þess lags sneiðir þó mestan part hjá okkur, hérna norður á veraldarhalanum.

HREPPSTJÓRINN

Það er óhætt að segja það, Krístrún mín. (*Hvarflar augunum um baðstofuna, lítur til dyra og ræskir sig dræmt*).

KRISTRÚN

(*Horfir á Jón. Stynur hálfmæðulega*). Það mætti nú kannski bera það upp í sig, að hann væri búinn að gera víðreist, hann Sveinn litli Jónsson – og hefur hann þó ekki farið eins og hann arkarkrummi minn. Það mátti nú svo sem telja upp á það, að það yrði einhver ögn úr honum Sveini – því að hann er lifandi eftirmyndin hans móðurföður síns, hans séra Þórðar, þess mikla kraftaklerks og lipurmennis, sem hoppaði hvíandi yfir búðarboðið hjá þeim stóra Pétri Kristjáni Tangi – með brennivínsankeríð fyrir framan sig – og brjóstbætti svo öllum betri bændum í Staðarsókn, þegar næst var messað. – Drekkið þið nú, drekkið þið nú, mín elskulegu sóknarbörn! sagði hann, blessaður fuglinn. – Og það var gert. Þá þótti mér nú, kvenstelpunni, líf og fjör við Staðarkirkju, því þá sáust áflog og sviptingar – og þá voru gefnir þungir pústrar. Þá voru menn ekki síðri en nú – og ekki sá ég okkar góða klerk vægja fyrir neinum, enda sum sé þurfti hann það ekki maðurinn sá, því að þar var enginn hans jafnoki... En það mátti minn sæli tengdafaðir, Hallur bóndi hér í Hamravík, eiga, að enginn heyrði hann klaga eða kveina, þegar upp rifnaði munnvikið af átökum prests og rauður dreyrinn farfaði á Halli bónda hans hvíta skegg... A, jæja. En það er nú af sú tíðin, að menn geti gert jafnmyndarlega að gamni sínu og þessir menn gerðu – og látið svo allt vera jafnt, þegar upp er staðið. Já, víðast hvar mundu þeir trúlega vera liðnir, þeir tímarnir... Eins heyrir það nú

henni fortíð til, að brennivínsanker sjáist á stokkum hér norður um – eða yfir höfuð nokkur dýrðardropi sé til. Það er þá ekki nema drottinn láti einhverja vitund berast upp á þennan sand, sem hér er fyrir neðan – hvað raunar við ber, þó að ekki sé það oft. Ekki hefur hann það sterkt, blessaður, að það brenni fyrir brjósti – en bragðgott má það kallast... Falur Betúelsson! Sæktu krúsarkvölinu með haldinu. Kannski hreppstjórinn okkar vildi brjóstbæta sér eftir fjallreisuna og halda til góða með það, sem þetta heimili hefur að bjóða... Og ekki ætti nú að líða yfir þig, sonur sæll, þó þú dreyptir blávörunum í rauðan vökva til samlætis þeim gesti, sem hér er nú kominn.

Falur gýtur augunum ýmist á móður sína eða Jón hreppstjóra. Augnaráðið til hennar er vonskulegt og jafnframt spyrjandi – en augnaráðið til Jóns er varfærnislegt og nærri því flóttalegt. Jón verður hálf hvumsa við, andlitið stirðnar og hann stendur upp.

HREPPSTJÓRINN

Nei-nei, Krístrún! Nei, þess gerist engin þörf... Vatn, bara vatn. Ég... ég er... er eiginlega í embættis-embættis-er... Ja, það er að segja... humm...

Í sömu svifum stendur Falur á fætur – hægt og sígandi – reigir höfuðið, sýgur upp í nefið – og gengur til dyra.

KRISTRÚN

O, süssu, süssu. Ger þú ekki Kristínu Símonardóttur að því nánasaródyri, að hún beri Jóni Tímóteussyni, hreppstjóra í þeim hreppi Grundarhreppi, blátt vatn eða volgan skolpsopa, þegar guð hefur forsýnað hana með öðru betra! Hvað skyldi sá sæli Betúel Hallsson hafa sagt, ef hann hefði verið heill á foldu og ekki hefði verið tjaldað til því skammskásta það eina sinn, sem okkar yfirvald stefndi sínum skrefum að hans inni?

HREPPSTJÓRINN

Umm, humm! En það er þetta, Krístrún. Þetta er... er ó... er eigin-eiginlega ekki lög-lögum samkvæmt... Ja, á vissan máta... Og ég er, eins og ég sagði...

KRISTRÚN

Já, það er ekkert um það að tala. Það nær engum orðræðum. Þú ert ekki sá maður, að hafa gert of mikið að því eða öðru, enda rækt þín störf með stillingu og máta, svo að ekki hafa þeir lent í arresti og útstáelsi, sem orðið hefur það á hér í hreppi – af þröng eða armóð eða af freistarans spilverki framan í auma mannkind – að troða út af þeim þrönga veginum. Hún Krístrún gamla í Hamravík veit það vel – og við vitum það öll, þínir og kóngsins þénustusamlegir undirsátar – að þú hefðir í fyrra getað látið setja Björn okkar í Litladal í járn og arrest þegar hjá honum fannst eitt skitið og kollótt lambshöfuð. Og það hefði nú svo sem vantað annað, en að þú hefðir gert það og farið eftir þeim stóra laganna bókstaf – blessuð guðsljósín í Litladal mörg og smá – og Björn þinn eiginlegur bróðir fyrir guði og mönnum... Eða þegar þeir voru með þetta úttlenska snafsavín á Stað, sem var bara til brjóstbætis fyrir okkur kirkjufólk og blessuðum guðsmanninum til sálarstyrktar, þá hefði nú kannski einhver hreppstjórinn haft það til að hlaupa með þetta í kóngsins makt, gáandi ekki að því, að soddan hefði kostað okkar sveitunga og nánustu slekt múlktir og straff. O, jæja, jamm. Það yrði nú svo sem uppi á þeim typpið, sem mesta hafa maktina, ef þeir kæmust í þá krás að svipta til fákunnandi almúga hér norður á þessum dratthala veraldar. Það segir hún nú bara, hún Krístrún gamla í Hamravík!

Jón er bæði kvíðinn og ergilegur. Falur kemur inn með hollenska leirkrús með tinuðum börmum og silfurlitu haldi.

FALUR

Hérna. (*Réttir móður sinni krúsina*).

KRISTRÚN

Leggur frá sér þrjónana, tekur við krúsinni og lætur renna í hana úr kútnum.

O, jæja, jæja. Einhvern tíma hefði þetta þótt fallegur farfi – og sötrað gat hann Betúel sæli Hallsson svona vökvun... Berg þú hér á, Jón hreppstjóri Tímóteusson. Það er þér vel unnt.

HREPPSTJÓRINN

Nei, nei, Krístrún. Þetta er... er ekki vert... Ég er í embætt... (*Rís upp í sætinu, horfir á Krístrúnu harður og meir í senn*). – Ég frétti, Krístrún, að... já, að... já, að... humm... (*Krístrún verður hörkuleg til augnanna og Jón lítur undan*).

KRISTRÚN

(*Lætur krúsina í útrétta hönd Jóns, horfir á hann broshýr*). Drekk þú, Jón hreppstjóri. Þetta er hreint og ósvikið franskt vín, sem í guðshúsi er notað við hans náðarmáltíð. Og þú, Falur Betúelsson! Tak bollann á hillunni þarna og kling við hreppstjórann!

FALUR

(*Nær ákafur í krúsina og hellir úr kútnum í hana*). Kannski maður skoði það. (*Skálar við Jón*). Látum okkur þá sjá!

HREPPSTJÓRINN

(*Starir á vínið í krúsinni, hneigir höfuð sitt og sýpur*). Það er varla hægt annað en láta þetta eftir þér, Krístrún mín. Þú ert nú einu sinni eins og þú ert, gamla konan, og dálítið utan við þessa tíð, sem við nú lifum á.

KRISTRÚN

Herrann sæll og ljúfur blessi ykkur þetta, ungarnir mínir. Það er ein herrans náðin mér sýnd, blessaður Jón minn hreppstjóri, að þú skyldir leggja leiðina þína hingað, áður en ég valt ofan af þessu rúmhorni í þann staðinn, sem allir eiga í að komast... Og þess bið ég þig nú sem minn vin og minnar slektar, að þú verðir með ráðum og dáð hliðhollur þessum unga og veraldarinnar ljónagryfju óprufaða sveini, sem nú tekur við sinni föðurleifð og vesölum kosti. Hér stóð hann nú fyrir réttum tuttugu og níu dögum síðan sem einmana kuldastrá á þessum melborgum hér fyrir neðan – en sá, sem á hæstum situr tróninum, sendi honum sína dóttur, hrakta og útgerða á sál og líkama, til meðhöndlunar og tuktugra samvista.

Þeir stara báðir á Krístrúnu. Falur utan við sig og hálfskelfdur, en Jón undrandi og síðan samúðarfullur. Krístrún húkir á rúmstokknum, voteyg og með grátvindrur í andlitinu.

HREPPSTJÓRINN

(*Sýpur á krúsinni og stendur upp og styður hendinni á öxl Krístrúnar*). Þú segir það satt, Krístrún Símonardóttir – ég hef verið milt yfirvald hér í þessari sveit... Og meðan ég enga skipun hef fengið frá hinum hærri stöðum, þá geri ég ekkert, klárt sagt – ekkert... Ég hef heldur ekki séð þá persónu, sem við höfum í huga, svo ég er ekki pligtugur til að vita neitt. En það hafði sést til einhvers kvenmanns þarna vestra, sem þótti misþenkingarlegur í sínu háttelsi – og svo spurði ég Fal eftir þingið, og hann sá það sína þegnlegu skyldu að rapportera... En sem sagt: Ég hef ekkert séð og engar forordningar fengið. Basta. Þetta er status kvó... En hvað þínum syni viðvíkur, þá máttu treysta því, að hann skal ekki skorta þá ásjá, sem ég má honum veita... Svo er ekki meira þar um... Og á þessu kvöldi held ég heim.

KRISTRÚN

(Þögn um stund. Stendur upp – stynur þungan). O, jæja og jamm. Ég ætla ekki að þakka. Sá á sjálfur hjá sér að taka þökkina, sem veit sig vel hafa gert. En kunnir þú þig nú svo, Falur Betúelsson, sem vera ber, þá lát þú ekki breyta þann eina viðurgerning, sem hér er hægt að bjóða utan simpils matar...

Kristrún verður mun hressari, bakið réttist og það lifnar yfir þrjónunum. Falur skenkir Jóni en lítur varfærnislega til móður sinnar. Falur og Jón halda drykkjunni áfram.

Ljós hægt út

6. ATRIÐI

Kristrún þrjónar, en leggur svo frá sér þrjónana, tekur gleraugnagarma ofan undan sperru og setur þá á nef sér. Hún grípur Passíusálmanna undan koddanum sínum; lyftir höfðinu og viku sér þannig til í rúminu að birtan nýtist sem best, opnar bókina og les í hljóði.

KRISTRÚN

Huh.

Ber Passíusálmanna ennþá betur upp að birtunni og les aftur – nú upphátt:

„... Enn hefur snöru snúna
snögglega þeim til búna,
sem fara með fals og dár“.

Jú, jú. Það er rétt og rigtuglega þetta. Hún á nú að heita bóklæs, hún Kristrún gamla Símonardóttir.

Lítur út um gluggann, reiðilega. Svo smellir hún Passíusálmunum aftur og þeytir þeim upp á hillu. Þrífur þrjónana og þrjónar af kappi.

O, jæja, jamm. Hann ætlar að hafa þetta upp á þennan mátann, sá sem hefur töglin og hagldirnar. Hún, breysk og vanskilleg manneskjan, hafði ekki sagt svo mikið sem aukatekið orð í hans garð, þó að hann tæki það, sem hann hafði henni gefið hér á hennar duggara-bandsárum – og sliti af því lífið á landi og í sjó – eða spilaði því þar, sem honum gott þótti á þessari jörð. En þegar hann svo rausnaðist til að skikka henni umbun, henni og hennar syni til velþéntrar aðstoðar í þeirra amstri og einstæðingsbardússi – þá lét hann sér sæma að skella á hana skensi og skoliónum... En hann skaut þá laust, sá hái herra, ef hann hélt, að soddan anstaltir væru rétta lagið til að halda henni Kristrúnu Símonardóttur á vekurðinni. Hún er rétt ekki hrædd við það, sem hinum megin kemur, frekar en þetta hérna megin. Það var ekki sem ólíklegast, að hann segði nú sem svo, ef hann á annað borð ætlaði að fara að sýna henni Kristrúnu gömlu í eggina:

Það varst þú, Kristrún Símonardóttir, sem fórst með fals og dár við minn og kóngsins valdsmann, Jón Tímóteusson, hreppstóra í þeim hreppi Grundarhreppi.

Þá mundi hún nú trúlega haga orðum sínum eitthvað á þessa leið:

Jú, jú. Þetta mundi nú svo sem standa heima og stemma; sú kona, Kristrún Símonardóttir, hefur ekki haft þann plagsið að kannast ekki við það sem hún hefur gert... En með leyfi að spyrja: „Hver stóð fyrir því að einn barnunginn í henni Hamravig fæddist liðið lík, mér og mínum ektamaka, Betúel Hallssyni?“

Þá mundi nú láta nærri, að hann heldur byrsti sig, og þættist svo sem geta gefið henni framan í:

En var það ekki Krístrún Símonardóttir, sem bar rekavið á sínu baki, komin á sjöunda mánuð?

En hún yrði þá kannski ekki aldeilis klumsa:

Það ætti nú sá alsjáandi að vita ekki síður en ég, að ekki kom það að sök – því það sem ég undir brjóstinu bar, sparkaði og spennti eftir þann tíma og það rétt kvöldið áður en ég kastaðist á sængina. Þá mætti kannski leyfa sér að ympra á einhverju í viðbót við það sem ég nefndi áðan. Hún Krístrún gamla gæti sjálfsagt fengið að vita það hér, hver það var sem sleit lífið af þremur blessuðum sakleysingjunum, sem hún í þennan heim fæddi – og dreif síðan ísinn inn á vík, vitandi það að öll fjöll voru ófær? Hún gæti trúlega líka fengið að vita hver fyrir því stóð að pína svo og plaga hana Gunnu mína, aumingjann, að hún af vansælu og þankastríði tumbaði sér í sjóinn suður í þeirri stóru Babýlon – og komst rétt helst í blóðin? Þá stæði nú víst ekki á svarinu ef maður spyrði, hver það var sem hreytti honum Láfa litla út í hana veröld svo að hann týndist í þeim stóra sá? Og líklega mundi þeim æðsta og hæsta verða það léttur vandinn að fræða hana Krístrúnu gömlu á því hver dembdi honum Betúel Hallssyni úr bjarginu gömlum og þaulvönnum bjargmanninum og limlesti svo hans líkama og afmyndaði svo hans ásjónu að ég, hans ektakvinna, sem búið hafði með honum í fjörutíu ár og átt með honum sjö börnin, kannaðist ekki við neitt nema blóðuga garmana?

Hnykkir til höfðinu svo hárið hrekkur undan skuplunni.

Og ef hann nú sá há himnakóngur áformar að leiða eða slíta þau hvort frá öðru, Anítu og Fal, svo sem til að refsa Krístrúnu gömlu Símonardóttur fyrir það hennar afbrot að kasta ekki allri sinni áhyggju upp á hann, heldur taka til sinna ráða og venda út þeirri hliðinni sem honum þótti ekki sem stásslægust, þá ætlaði hún ekki að fara að sýna neina uppgerðariðrun eða yfirbót, með því að láta þau þokkahjúin afskiptalaus. Ó, ekkí. Hún mundi heldur bera sig að því að herða róðurinn, við að koma þeim undir eina og sömu sængurtiluna.

Ljós snögglega út

7. ATRIÐI

Aníta opnar dyrnar og stingur höfðinu gætilega inn. Hún skimar í allar áttir en loks staðnæmast augu hennar við andlitið á Krístrúnu.

KRISTRÚN

(Hnykkir sér til). Ætli hún fortapist, þó hún stigi sínum fæti inn?

ANÍTA

Er hann... er hann þá... virk-virkilega... far-farinn?

KRISTRÚN

Ekki sér hún ég hann... Jú, jú, rýjan mín. Hann er víst reistur, sá góði maður – og hún Krístrún gamla var nú svona að innbyrta sér það að hann kæmi ekki aftur á þessu herrans árinu... En ekki er það þeim Fali Betúelssyni eða Anítu Hansen að þakka, þó að þau séu ung og frísk og ekki að því komin að kastast ofan í þá holuna sem ekki sleppir sínu. *(Aníta opnar munninn aftur og aftur).* Hva-hvað... hvað á nú þetta að verða?

ANÍTA

Og hann... hann... Held-heldurðu þá að... að hann komi... komi... af-aftur?

KRISTRÚN

Æi, nei, nei. Ekki gerir hún Krístrún gamla því á fætarna. Hún gerir sér heldur þá þankana að sá kóngsins þénari sitji ekki fljótlega soddan gylliboð í þessari baðstofu.

Aníta þýtur til Krístrúnar og kastar sér á hnén fyrir framan þá gömlu og skelfur og nötrar af gráti. Krístrún getur ekki hreyft þrjónana og situr aðgerðarlaus. Hún grípur hægri hendi í öxlina á Anítu.

Nú, nú, hvað er að tarna, skepnan? Að sjá slíka hörmungarinnar kvöl! Þetta á að heita barnung manneskja með hvern lim á sínum líkama spriklandi af fjöri, og svo liggur hún hér á á hnjánum og engist sundur og saman eins og sandmaður á öngli fyrir framan eldgamla og skeggjaða kerlingarhrotu. Það hefur beygt fleiri fyrir henni versu en þú veist, tötrið mitt, að gefa sig volinu á vald – og það hefði hún þorað að segja, hún Krístrún gamla Símonardóttir, að betra væri eitt hressilegt handtak en full ausa af þessu saltskolpi sem úr augunum streymir. Æi, jæja, agnarkvölin.

Krístrún lítur snöggt út um gluggann eins og hún hafi heyrt einhvern skarkala úti.

ANÍTA

Ég veit... veit ekki hvern-hvernig ég á að lau-launa þér, Krístrún!

KRISTRÚN

Launa? Huh! O, þú þarft víst ekki að gera þér neinar grillur út af því, ungin minn. Það mundi láta nærri, að það sem þér sjálfri best þénaði, væri ekki svo fjarri því, sem Krístrúnu í Hamravík fyndist henta.

Aníta stendur upp og þurrkar sér í framan. Rýkur á Krístrúnu, sem situr grunlaus á rúminu sínu, og kyssir hana rembingskoss.

Ég hefði nú svo sem haldið að það væri eins og ívið réttara að þú spanderaðir soddan upp á einhverja aðra manneskju en hana mig!

Nú, nú... Þá ætti hann nú trúlega að fara að átta sig, hann Falur Betúelsson. Þú hefur trúlega formerkt það, dúfan mín, að hún ég tel þér og þeim sem mínar reytur á að erfa, eitthvað annað hentara og af þeim æðri stjórnarvöldum ætlað – en að spígspora hér á snið og svig hvort við annað, eins og þið væruð ekki náttúrulegar manneskjur í sínum besta blóma.

Og nú vildi hún Krístrún Símonardóttir víkja því svona að þér, ljúfan, að þú heldur artaðir upp á ljósabeituna en hitt, ef sá góði maður, Falur Betúelsson, skyldi reynast daufari í dálkinn en vera ætti – því gerðir þú það, þá þætti henni móður hans honum illa í ætt skotið, ef hann gini ekki yfir agninu... Nú, að þú hafir það hér sem þú þarft til lífsins uppihalds heldur hún nú ég að óhætt sé að uppástanda, því allt sem hér er, laust og fast, er mín rétt og rigtugleg eign – og verður ykkur afhent strax og þið hafið jarmað ykkur saman... Og vel skal um þig fara. Því þorir hún Krístrún Símonardóttir að lofa og skal hún strax á morgun, hvað sem í kynni að skerast á milli ykkar Fals Betúelssonar, setja dúnvísk í koddableðilinn þinn og valið bringufiður í sængurtiluna. Get ég þó sagt þér það að ekki kom soddan nálægt mínum líkama fyrr en seinasti barnunginn fæddist í hana veröld...

Og það get ég látið þig vita, lambið mitt, að artir þú þig svo sem þú hefur gert fram að þessu og sýnir mér þá tillátssemi að ýta heldur við karlmannlegum tilfinningum míns sonar, þá skal það að fullu látið í hana víðu kistu, hvað þú og hún versa kunna að hafa glingrað saman áður en þú komst í kallfærið við okkur hér norður á þeim köldu Ströndum. O, sei, sei, sei, sei. Hún mundi nú fara nokkuð nærri um það, hún Krístrún gamla Símonardóttir, hvað er kvenmannsins rétta lyst og lag. Bú og bóndi, eitt á brjósti og annað hangandi í pilsfaldinum –

Þetta mundi nú vera það stærsta fyrir kvenkindina. Því fylgja gleðin og sorgin, vonirnar og áhyggjurnar eftir því sem allt veltist – og þá fær allt að reyna sig sem í okkur er... En nú mundi vera réttast að við færum að tína í sarpinn og halla okkur svo á eyrað. Það kynni að fara svo að dagurinn sem úr djúpinu rís í fyrramálið, yrði ekki hreint sá ómerkilegasti á okkar ævi. (*Aníta stendur hreyfingarlaus*). Hvað er það nú, ungin minn?

ANÍTA

En... en... þú... þú...

KRISTRÚN

Nú líst mér á hana! Hvað er atarna?

ANÍTA

Ég... ég hef... hef ekkert tekið eftir... eftir honum Fal – svoleiðis.

KRISTRÚN

Ekkert tekið eftir honum svoleiðis segir hún. Hvernig ætli kvenfólk á þínu reki taki eftir karlmönnum ef ekki svoleiðis? Það mætti segja mér það, að þú sæir svona nokkurn veginn skilmerkilega fyrir þér hans jarpa hár og skegg og einhvern tíma innbyrjað þér hvernig það færi við kvenmannsvanga... Og þó að ég svo sem viti nú að þessar undanfærslur eru kvenmannsins eðlilegu tiktúrur, þá ætla ég rétt að leyfa mér að ítreka það við þig að vera ekki með neinar véringar eða neins konar kims kjams við hann Fal fram yfir það sem karlmanninum er inngefið að telja jómfrúlegt siðlæti!

ANÍTA

En þú... þú ætlast þó víst ekki til að ég fari að... að...?

KRISTRÚN

Að þú farir að! Þarf nú allt að kenna – og það manneskju sem...? Jæja sleppum því nú. Það get ég að minnsta kosti sagt þér, góin, að ekki þurfti hún Krístrún Símonardóttir augnaráð, hvað þá orð til þess að hann Betúel sæli Hallsson vissi hvað klukkan sló – og svo var það rétt fram á síðustu árin... Og þó að þú aldrei nema þyrftir nú að hreyfa svo sem litla fingur á vinstri hendi í þá átt sem Falur Betúelsson er, þá fyndist mér það ekki aldeilis þurfa að vera þér um horn og stokk. En hér færðu reffilegan og röskan mann og blífanlegan samastað, ef allt fer eins og efnin standa til. Og ekki hafði hún ég haldið að búhokrið hérna í henni Hamravík væri til að kimsa að. Áttatíu eru þær ærnar, það ég best veit og allar vel fram gengnar – og gemlingarnir munu vera fjórtán með þeim móhosótta sem hann Falur brúkaði fyrir ærnar í vetur. Gamlir sauðir eru níu – og um vænleikann á fénaðinum hér norður frá þarf víst ekki að tvíla. Hann mun hafa farið nokkuð nærri því sanna og rétta sá gamli skörungur og skáld, Hallvarður í Horni, þegar hann kvað:

„Geldingar og gimbralömb í grænum hlíðum
eru með fjórðung oft og tíðum.

Af veturgömlu vega föllin vættir þungar,
tíðum mörinn tveir fjórðungar.“

Svo má nú kannski telja hana Randalín. Þú þekkir sjálf, dúfan, hvað úr henni drýpur daglega, þó að hún eigi að bera viku fyrir vetur. Þá er kálfsmánin – og hann Mósi gamli. Hann mun bera baggana sína nokkur árin enn. Svo er nú rekinn, hlunnindin af bjarginu... silungurinn hérna fram í dalnum og það sem reyttist úr honum sjó þegar ekki er brimið til trafala...

Þeim er ekki öllum rétt soddan drósunum sem á mölunum troða skóna – og ég ætla rétt að bera það upp í mig að kynni hún Aníta Hansen að engu þetta að meta ásamt voninni um

spræka og rétt skapaða barnunga, en stykki á stað út í hann heimsglaum svo gott sem eins nakin og hún kom af sinnar móður lífi, þá segði hún víst, hún Krístrún gamla í Hamravík: Far-vel, Hosa!

Aníta stendur um stund grafkyrr, þegjandi og íhugul. Beygir sig síðan snögglega og grípur um báða handleggina á Krístrúnu, lygnir aftur augunum, brosir og kinkar kalli.

ANÍTA

Varst þú... varst þú ekki að segja að við skyldum fara að borða? Obb san!

KRÍSTRÚN

Nú, nú, nú, nú, kindin! Því lætur hún svona?... Það er líklega best að ég lyfti mér. En frá mér verð ég að leggja þrjónana fyrst.

Lítur ekki á Anítu en starir ofan á hendurnar á sér. Varpar öndinni, vindur upp á hnykilinn og stingur í hann lausa þrjóninum og kvik í spori haltrar hún í átt til dyranna. Hún er ekki komin langt þegar Aníta leggur handlegginn um hálsinn á henni. Þrýstir munn sínum alveg að eyra Krístrúnar.

ANÍTA

(*Hvíslar*). Þú ert svo voða, voða góð – og kostuleg, Krístrún!

Ljós snögglega út.

8. ATRIÐI

Krístrún og Aníta sitja steinþegjandi sín á hvoru rúmi, önnur með þrjóna og hin með nál. Anítu er tíðlitið til dyranna og Krístrún tekur eftir því.

KRÍSTRÚN

Vertu róleg, lambið mitt. Hann kemur í kvöld hann Falur, ef nokkuð mark er orðið á þeim piltinum takandi, sem úr mér dró mátt og megin í dag.

ANÍTA

Piltinum sem... í dag?

KRÍSTRÚN

Humm. O, já, já.

ANÍTA

(*Hræðslulega*). Var... var einhver... ?

KRÍSTRÚN

Vert þú ekki að spyrja út í soddan, dúfan. Það gerir engum neitt að ráði sem dauft er orðið og dofið. Það er svo margt í kringum okkur, úti og inni, og skiptir sér tíðast ekki af neinum sem ekki abbast upp á það á einn eða annan mátann. (*Raular*).

Mér og þér og þér og mér
þykja mundi skrytið,
ef við sæjum allt sem hér
arkar stórt og lítið,
lítið, lítið, lít-ið.
Umm, hummum, humm!

Aníta hættir saumaskapnum. Síðan heyrir hundgá og Krístrún rennir augunum til Anítu.

Þetta mundi nú vera röddin, hennar Hersilíu, ef henni Krístrúnu feilar ekki því meir með heyrnina.

Aníta roðnar og grúfir sig yfir saumana. Krístrún horfir með athygli á hana. Það heyrir gengið um frambæinn og Falur kemur inn í baðstofuna, hann skilur hundinn eftir úti. Gengur að vanda hægt inn gólfíð, heilsar móður sinni artarlega með kossi en Anítu svona rétt eins og gerist og gengur. Hann sest á rúmið sitt og tekur ofan húfuna.

Aníta!, gakk þú fram og ná í einhvern matarbita og vætuspón fyrir húsbóndann á þessu heimili. Og tærðu í hana Herselíu roði eða ruðu, unginn minn.

Aníta fer fram. Falur lítur dálítið einkennilega á eftir henni og Krístrún virðir hann þess vegna ánægjulega fyrir sér. Þau sitja þegjandi um hríð.

Fórst þú alla leið vestur, sonur sæll?

FALUR

Jú.

KRÍSTRÚN

O, jæja, jamm. Ég þóttist fara nærri um það. Hann mundi ekki hafa stikað mikið, sá æruverðugi maður, eftir því sem hans fótaburður var hérna niður hana Fjárhúsgrund... Æi, nei, nei... Hélduð þið annars áfram sleitulaust?

FALUR

Það varð nú aldrei lengri reisan í gærkvöldi heldur en hérna upp í hann Hvannateig.

KRÍSTRÚN

Uhu! Það hefði mátt segja henni Krístrúnu Símonardóttur það... Þóttist hann þá þurfa að hvíla sína lúnu limi, sá kóningsins þénari?

FALUR

Ætli hann hafi verið að því spurður!

KRÍSTRÚN

Nú, tók hann Falur Betúelsson af honum ráðin – eða hvað?

FALUR

Það voru víst hans eigin fætur sem það gerðu.

KRÍSTRÚN

Uhum! Á, rétt segir þú. Svo þú kynnir kannski að meina að hann strekkti ekki hingað fyrsta kastið, sú kempan fríð?

FALUR

Það mundi trúlega dragast eitthvað.

KRÍSTRÚN

En hvernig var lyndið þegar hann reis í morgun?

FALUR

O, hann var nú – frekar fáorður.

KRÍSTRÚN

O, jamm og jæja... Þú hefur líklega fengið heilmikið traktiment hjá hans húsrú?

FALUR

Rétt svona blátt áfram.

KRISTRÚN

Og hvernig voru þær svo, kveðjurnar?

FALUR

Hann fylgdi mér upp undir háls.

KRISTRÚN

Á, sei, sei! Þóttist hann kannski þurfa að segja eitthvað?

FALUR

Hann nefndi eitthvað að ég hefði ekki orð á þessu, hvorki þar vestra né hér norður um.

KRISTRÚN

Á, aldeilis!... En minntist hann nokkuð á þá kvinnu, Anítu Hansen í Hamravík?

FALUR

Ekki-var-það-ör-grannt.

KRISTRÚN

Að fyrra bragði?

FALUR

Það var það víst.

KRISTRÚN

Og hvað sagði hann svo, sá mektarmaður?

FALUR

Mér skildist hann telja sér hana ekkert viðkomandi... hvort hún hefði nokkuð gert.

KRISTRÚN

Nú, og þú?

FALUR

Ég? Hvað átti ég svo sem að segja? Huh!

KRISTRÚN

Nei, hún hefði nú haldið það, þín eiginleg móðir, að þú færir ekki að standa framan í þeim manni, Jóni hreppstjóra Tímóteussyni, og gera Anítu nokkurri Hansen óforþétt bróðolíur. Ajæja. Það hefði hún nú rétt helst haldið.

Aníta kemur inn með matinn. Í annarri hendinni er hún með grautarskál og í hinni disk með eggjum, brauði og sméri. Hún gengur teinrétt inn gólfið og setur diskinn og skálina á rauða koffortið við rúm Fals. Um leið og hún beygir sig fellur einn hennar dökki lokkur við ennið á Fal. Falur lítur upp og kippist agnarlítið við.

ANÍTA

(Fínlega, eins og þær sem siðina kunna). Vessgú og spíss. (Strunsar fram, en rekur sig í dyrastafinn).

KRISTRÚN

Nú, nú, nú, nú! Meiddi hún sig nú ekki? Liggur henni svona á þeirri artugu blómarós?

ANÍTA

Ég... verð... verð að gefa tík-inni.

Aníta hverfur í einu vetfangi fram. Falur grúfir sig yfir matinn.

KRISTRÚN

Það var svo sem verið að hreinsa hér í dag. Mér sýndist það ganga einhverja ögn hjá henni. Það stóð rétt mökkurinn um hana – og þarna söng hún og trallaði þó að hún hamaðist við vinnuna. Hún er ekki sérlega slæm fyrir brjósti. Svo mikið mundi vera óhætt uppá að standa... O, jamm og jæja. Það munar um hana þar sem hún gengur að. Skyldi það hafa verið eitthvað annað, ef hún ég hefði verið að skakklappast við að hreinsa túnblettinn og þú svo orðið að standa streittur við og bera af, í staðinn fyrir að nú geturðu skroppið daglega hérna fram á víkurgreyið þangað til slátturinn byrjar, og reytt saman einhverja sjávarins björg undir hann vetur – nú og kannski fengið drátt og drátt til innleggs í höndlunina... Ajá. Það er munur með þau ungu beinin sem sprikla af sjálfu sér og fá aldrei nóg, eða vinstra lærið á henni Krístrúnu Símonardóttur, sem hún má eftir sér draga með armæðu og kvöl.

Falur setur frá sér diskinn, skorðar grautarskálina á milli hnjóanna og seilist eftir spænum. Krístrún kastar sér óvart yfir á verri mjöðmina, grettir sig alla í framan af sársauka. (Höstum rómi). Að hún Aníta hentaði hér á heimili, það mundi trúlega ekki þurfa að draga í tvíl. En hitt er varla líklegt að hún stansi hér stórlega héðan af, ef hún finnur ekki á sér velþóknun nema hjá gömlu og aflóga kerlingartetri. Það heldur henni knappt til langframa, þó að hún móðir þín hafi haft hugsun á að setja dúnvísk í koddabeðilinn hennar og bringufiðurs óveru í sængurtiluna. Það eru engum einhlít til ánægjunnar góð og notaleg sængurföt – og síst fólki á þessu skeiði. Æ, ekkí... En það er eins eins og sumum sé það illa í ætt skotið að það sé ekkert líf og engin dáð og döngun í þeim til þess, sem þá og þeirra framtíð mestu varðar.

Falur er búinn úr skálinni og lætur hana á koffortið; strýkur sitt skegg með treyjuerminni. Svo horfir hann vel og lengi á einn rúmstuðulinn. Krístrún er miður sín, bregður þrjóni undir skupluna og klórar sér, hristir svuntuna og vikrar sér til á rúminu. Falur tekur upp tóbakspontuna sína í mestu rólegheitum.

Þú hefur kannski hugsað þér, Falur skepnan, að tala einhverja ögn utan í hana Anítu. Það skyldi eins og tilheyra húsbóndamyndinni á þessu heimili, eins og sakirnar standa. Mér heyrðist á henni í dag að henni Krístrúnu Símonardóttur þýddi ekki mikið að reyna að toga út úr henni hennar meiningar – og það held ég að hún hafi setið við það í gærkvöldi að gera sér skó, brydda og þvengjaða allt í kring.

Falur stendur upp með pontuna á lofti og gengur til dyra. Krístrún keyrir höfuðið aftur á milli herðanna, tinar og blæs og herðir róðurinn.

Ef í þér væri, vesældarauminginn, einhver snertur af manndómsins veru og þú að einhverju litlu leyti værir líkur þínum sæla föður, Betúel Hallssyni, þá yrði ekki sól af lofti á þessu kvöldi áður en þú hefðir látið Anítu Hansen finna þinn karlmanns styrkleika – og ekki nýr dagur úr djúpinu risinn, fyrr en þú hefðir tengt þér hana til halds og trausts á þinni fleytu í bráð og lengd... En þegar járníð er deigt og lundin dauð og dofin, þá verða ekki tálgaðir breiðir spænar eða það framkvæmt sem til heilla horfir.

FALUR

(Slær pontunni við rúmstuðulinn). Ehem!

KRISTRÚN

(Hrekkur í kút, situr augnablik grafkyrr. Bregður svo við og þrífur einn þrjóninn úr lykkjunum og hefur hann upp). Falur Betúelsson! Ef þú ekki – og það strax á þessu kvöldi – talar við Anítu Hansen og festir þér hana til tugtugra samvista eins og þinni framtíð best hentar og þínu óðali, þá skalt þú marga sára fá þrjónastunguna frá þinni eiginlegri móður fyrir guði og mönnum – þá dagana sem hún á eftir að hjara.

FALUR

(*Lítur nú á hana móður sína. Ósköp hægt og rólega*). Ég held ég fái mér nú í nefið fyrst. Ég læt mér nú ekki svo.

Hnýttar hendur Krístrúnar falla eins og máttlausar í keltu hennar. Falur sýgur tóbakið upp í nefið, stynur og rymur, gengur svo hratt til dyra.

KRISTRÚN

(*Leggur við hlustir, heldur niðri í sér andanum. Réttir sig upp, hýr í bragði þegar hún heyrir hlátur, kvein og ískur*). Ég hefði nú svo sem haldið að það væri döngun og dáð í honum Fal Betúelssyni! En að hann ryki svona strax í að kitla hana Anítu, það hafði hún móðir hans ekki látið sér í þankann reika...

Allt í einu fleygir hún frá sér þrjónunum, rís óvenjulega hvatlega á fætur, þrífur Passíu-sálmana af hillunni, vefur utan um þá hreinni rýju og lætur þá varleg undir koddann sinn.

Nú, úr því að hann lét sér segjast, þá ætlar hún ég ekki að vera að erfa neitt við hann. Ó, nei, nei. Það er ekki hennar lyst og lag.

„Sjáðu, þó buni blóð
blæðandi þjóðaræð,
gróðann á lífsins leið,
ljómandi mannablóm“.

Brimhljóð í bakgrunni.

Það mun vera grasganga í dag niðri á honum Hamravíkursandi. Það má rétt helst heita svo. Heldur eru það nú faldar á þeim þessum, hvítir og rismiklir. Og þarna er hann Betúel sæli Hallsson að lenda. Hann lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna, maðurinn sá, og er ekki að neinu dinglum-dangli eða hringsóli við eitt eða annað. En hann á víst erindi núna, úr því hann leggur út á það mikla hafið, sem heimana skilur, á sinni litlu og lotuðu bátkænu og leitar þarna landingar í soddan foráttu. O, jamm og jæja.

. . . Eftir stund kemur Aníta inn í baðstofuna, horfir fram á við sæl á svip.

ANÍTA

Dagurinn sem úr djúpinu rís... ekki hreint sá ómerkilegasti á okkar ævi.

Krístrún hallast upp að súðinni – með þrjónana í sínum hnýttu höndum. . . En nú heyrir ekkert tif eða glamur.

HLÉ

SEINNI ÞÁTTUR

Í baðstofunni eru þrjú rúm, lítið borð og rautt koffort; yfir miðrúminu er hilla með bollum á, kistill fyrir framan rúmið. Yfir öðru rúmi er sperra þar sem týra hangir á nagla. Frambærinn, göngin (inngangur) og gluggi eru til sviðs-vinstri [frá leikurum séð], eldhús og búr til hægri ásamt útgangi.

1. ATRIÐI

Kristrún situr á rúminu sínu og þrjónar. Hún er ein í baðstofunni. Inn kemur meðalhár maður með brúnt yfirskegg. Hann er mæðulegur á; hann er með svartan barðastóran flókahatt á höfði og með hvítan glansandi standkraga um háls. Hann er í brúnni, stuttri hempu, gráum hnébuxum, sokkum með útþrjónaðri fit – og með danska blankskó á fótum. Undir vinstri hendi hefur hann smáan stássvaðsekk úr svörtu skinni og með spegilfögnum koparlás. Í hægri hendi heldur hann á gljáandi krókstaf. Hann setur vaðsekkinn frá sér á gólfíð og tekur ofan hattinn. Kristrún kippist við og afl er dregið úr höndum hennar svo hún missir þrjóna sína á gólfíð.

ÓLAFUR

Sæl, sæl, móðir mín! Herrans friður sé með þér.

Kristrún tekur eitt af sínum stóru bakföllum. Svo stendur hún upp, styður hnúunum á rúmstokkinn eins og farlama gamalmenni og lítur síðan út í gluggann. Síðan snýr hún sér og lítur á gestinn. Því næst hlammar hún sér niður á rúmið sitt og stynur.

KRISTRÚN

Á, á, á! Þóttist hún nú þurfa að taka mér tak! Hleypur þarna um mjöðmina og upp í mjóhrygginn eins og hún sé að spila sér til á einhverju dansgólfi. (Hallar undir flatt og spennir greipar um magann). Á, ekki öðruvísi! Nú þykir henni Kristrúnu Símonardóttur týra á tíkarskarinu! Þetta mundi þá rétt helst eiga að vera sá fortapaði sauðurinn, Ólafur nokkur Bet-úelsson?

Kristrún fer að róa, eins og hún er vön, þegar hún er komin með þrjónana sína.

Nú, nú, nú, nú, Láfi litli! Hún ætlar nú að biðja þig þess, móðurmyndin þín, að gera þig ekki rétt svona volæðislegan og líkan því að hver limur í þínum líkama sé sundur saxaður... Og hvernig er það? Er það ekki plagsiður í úttlandinu, að sonur heilsi móður sinni með art og æru, þegar hann kemur heim eftir margra ára rölt og reik?

ÓLAFUR

Ég heilsaði þér áðan, móðir mín. En þar sem ég sá að þitt tryggja hjarta hrærðist að grunni við endurfundina, þá vildi ég gefa þér forsvaranlegan tíma til að koma jafnvægi á þínar tilfinningar. Herrann burtkallar skyndilega þann sem hann hefur útvalið til starfa í sínum vingarði, og þegar honum þykir tími og tækifæri leyfa, þá sendir hann þann hinn sama heim til föðurhúsanna þar sem aldraðir foreldrar biða hans með angri og bifan í sínum hjörtum... (Gengur inn að rúmi Kristrúnar og kyssir fölan vanga hennar með hlýju og nærgætni). Friður sé í þínu húsi, móðir góð. (Tekur skinnvaðsekkinn og stillir honum upp við stokkinn á rúmi Fals, stillir svo krókstafnum út í horn og sest á auða rúmið).

KRISTRÚN

(Allt í einu hnykkir hún sér allri til). O, sei sei, o, já, já! Ein var hún svo sem útvalningin! Stinga sér um borð í einn lýsisbrákaðan hvalfangara, óforvarandi sínum foreldrum og láta svo aldrei af sér vita heldur veltast í reiðuleysi fram og aftur í veraldarinnar sá... Jú, þú hefur trúlega látið skírast og heitir nú Pétur, hvað er útlagt hella, en það mundi hafa verið fuglinn Sút² sem yfir þér birtist í skírinni ef merkja má af þeim svip sem er á þínu andliti.

ÓLAFUR

Ég veit það að ég hef sært þínar móðurlegu tilfinningar og þarf ekki að brýna það fyrir mér, móðir mín, svo víða sem ég hef farið og margt séð og marga manneskjuna skoðað í neyð og þrengingu þessa jarðlífs... En hvernig var nú á dögum okkar mikla meistara og herra í Júðalandi? Sagði ekki drottins smurði við sína lærimeistara: Yfirgef þú foreldra þína og fylg þú mér? Svo hermir að minnsta kosti sú heilaga skrift sem með guðsfingri er skráð og skrifuð fyrir munn guðspjallamanna og spámanna drottins vors og frelsara... Og þó að ég nú aldrei nema kæmi hér að þínum móðurknjám sem hinn glataði sonur í dæmisögu mannsins sonar, hvað ég þó ekki geri, herranum Zebaot³ sé lof, þá munt þú minnast þess, móðir mín, hvernig faðirinn taldi sér rétt og skylt að breyta.

KRISTRÚN

Þetta var nú í þá tíð í því landi Gyðingalandi... En hún Krístrún í Hamravík hefur nú tamið sér þann skikkinn að koma til dyranna í sinni mórauðu þrónapeysu þegar hún í henni er – og það án allra véringa og leikarakúnsta. Og hún fær ekki skilið eða útgrundað á neinn veg að annað hafi verið þín köllun en sú óartarinnar- og eirðarleysisins-náttúra, sem þér og ykkur fleiri systkinum virðist hafa verið í blóð borin. Þarna stökkst þú á stað eins og gemlingur í alullu á vordegi og sýndist mér það vera eins og hver önnur stráksleg uppáfynding og barndómsins bríarí – og ekkert heilagt né hátignarlegt þar við... En hverjar vígslurnar þú síðan kannt að hafa tekið, skal ég ekkert um segja á neinn veg eða máta, eða hvar þú hefur fengið þennan sviðahöfuðssvip.

Ólafur horfir um hríð ofan fyrir fætur sér, stendur síðan rólega upp og fer úr stutthempunni og leggur hana frá sér. Innan undir er hann í svartri, prestlegri klæðistreyju – hún er hneppt upp í háls með yfirdekkum hnöppum. Því næst sest hann aftur á rúmstokkinn. Krístrún virðir hann fyrir sé.

ÓLAFUR

Ég hef víða vankað um veröldina, móðir mín, og ég tek það á engan máta illa upp fyrir aldurniginni margra barna móður, þó að hún skilji ekki þá vegi sem *hann* sjálfur hefur sagt að væru órannsakanlegir.

KRISTRÚN

Vankast? Já, eins og höfuðsóttarkind! Jú, jú! Ekki á hún nú við, hún Krístrún gamla Símonardóttir. Fínt skyldi það! Stássleg skyldi hún svo sem vera, fyrirmyndin!

ÓLAFUR

Þú... þú misskilur mig, móðir góð. Ég brúkaði þarna óforvarandi eitt útlent orð sem þýðir að ráfa eða reika.

² Kerling ein misskildi þegar sungið var í Hallgrímssálmum: „Sút flaug í brjóstið inn“ þar sem talað var um iðran Péturs og hélt kerlingin að þetta væri fugl. En því þar um kveðið að ekki sé skaðsamara dýr á Jörðu en fuglinn Sút. „Í brjóst flýgur voða vestur / vís til að drepa mann“.

³ Herran Zebaor kemur fyrir í biblíu Gyðinga – foringi herskaranna.

KRISTRÚN

Misskil! Huh! Hvað gerir höfuðsóttarkindin annað en ráfa og reika! Og hvað mundir þú svo sem hafa befattað þig með annað en soddan ráf og reik? En hún ég hefði nú rétt helst haldið að þér hefði verið eins hollt að sitja á bossanum heima í henni Hamravía eða einhvers staðar innan þessarar sveitar sem þekkir þig og þitt slekti í marga liði – og reyna svo sem að krækja þér í þéanlega meðhjálp eins og mannum og allri skepnunni er forþenkt og fyrirhugað af hennar meistara og herra... Vankast um í henni veröld! Soddan anstaltir fyrir einn arman svartfuglsunga norðan af þeim köldu Hornströndum! Hún hefði betur vankast minna, hún Gunna litla, hróið!

ÓLAFUR

Hún Gunna litla?

KRISTRÚN

Huh, nei! Hvað ætlir þú vitir um það – ráfandi og friðlaus á þessari jörð! Ekki mundir þú svo sem eiga að gæta systur þinnar eða annarra sem þér eru nákomnir! Ó, ekki, skepnan!... Jú, hún fór á flökt eins og hennar bróðir, Ólafur nokkur Betúelsson, og þar með endaði hennar ganga, að hún vippaði sér rétt helst í sjóinn í sinni armæðu og forblindan... Þú spyrd kannski ekki eftir honum föður þínum. Æi, nei, nei, ónáttúrufuglinn! Hann mundi hafa hrapað úr bjarginu, leitandi sér og sínum að björg á gamals aldri – og var borinn heim í þessa baðstofu, eins og hvert annað hrat sem hún veröld skyrpir út úr sínum munni... O, jamm og jæja! Hún hefur nú sitthvað séð og prófað á ævidögum daga sinna, hún Krístrún gamla í Hamravía, og ekki hengir hún þó höfuðið eins og hálfrotuð vanfæra.

ÓLAFUR

Það kemur ekkert fram við manninn, móðir mín, sem ekki er herrans vilji og meining. En móðir mín! Ef ég hefði ekki lent út á heimsins mikla haf, þá hefði ég aldrei orðið hæfur fyrir þá útvalningu sem nú er mín staðfesta í öllu volki og freistingum þessa lífs.

KRISTRÚN

Nú, nú, hver mundi hún þá svo sem vera, sú útvalningin?

ÓLAFUR

Hjá frændþjóð okkar, Norðmönnum, er drifin starfsemi guðsríkis af mönnum sem tala hans eigið orð á því máli og með því tungutaki sem almúginn sjálfur brúkar, mönnum sem þekkja ekki eða skeyta um útúrkróka prestanna, en predika orðið af einfeldni hjartans eins og andinn inngefur þeim og í þeirri heilögu skrift er skráð. Þeir hafa hvorki kjól né kall og hirða ekki um há laun fyrir lítið strit. Þeir fara með sinn poka á baki eða sinn vaðsekk í hendi, gangandi sveit úr sveit, fara heim á hvern bæ og predika Krist – og hann krossfestan, fara í hafnarborgirnar vítt um heim, Sódómu og Gómorru þessara síðustu og verstu tíma, og vitna um blóð lambsins sem uppgaf sína önd fyrir mannsins fordjörfun og forarganlegan lifnað... Og laun þeirra eru tíðast engin önnur en þau, sem trúbræður þeirra í herranum góðfúslega að þeim rétta.

KRISTRÚN

Nú, ámóta og þessir umrenningsguðsmenn sem farnir eru að strekkja hér norður um, selja sína pésa og predika um helvíti og kvalirnar – á, aldeilis! Maður mundi kannast við þá. Þeir hafa víst nokkrir vísað henni móður þinni í þau ystu myrkur, þá hún hefur ekki viljað þeirra orð heyra sem hinn eina sannleika og ekki verið ólm í að láta sinn seinasta pening fyrir þeirra pésa og fræði. O, jamm og jæja!

ÓLAFUR

Þeir fara eftir því sem herrann segir: Sá sem ekki er með mér, hann er á móti mér.

KRISTRÚN

Nú þykir henni Krístrúnu gömlu þú taka upp í þig, Láfi litli. Veit hún það að ekki er allt fyrir guðs munn sem ein breysk og brotleg klerkkind af stólnum talar, en hitt telur hún þá líka víst og satt að ekki muni þeir kumpánar frekar hafa allan sannleikann höndlað, hverjir ausa eldi og brennisteini á manneskjunnar kaun og kalsár, að því er sýnist óvitandi um ritninganna líknarsmyrslu, miklu fremur en hver lág og lotin hornkerling hér norður á þessum veraldarhala, sem þig hefur fætt til þíns seytjándra aldursárs. Einhvers staðar mundi skrifað vera í mínum barnalærdómi, að margir séu kallaðir, en fáir útvaldir – og helst hefur henni Krístrúnu gömlu sýnst, að þessir umrenningsguðsmenn notuðu þá stóru bók sem eina markaskrá – og að þeir eftir henni drægju í tvo dilkana, vítis og sælustaðarins, lítandi á eyrnamörk, sem þeir sjálfir hafa sett á mannkindina með ryðguðum kuta sinna eigin hleypidóma, en hvorki takandi á baki né brjósti athugandi það, hvort skepnan mundi þeim hæsta í sannleika þóknanleg. Þeir þykjast vera hirðar, þessir umrenningsguðsmenn og bókabéusar, en þeirra hirðiskall er líkara rödd þess grimma dýrbíts, sem kringum lambið hoppar með alls konar apaspil. Og það vil ég þér segja, Ólafur Betúelsson, að fyrr en ég sé í einhverju, hver er þinn manndómur og þínar sönnu artir, mun ég enga plikt bera fyrir þínum kennidómi eða neitt upp á þig arta sem einn herrans útsendara... En annað mál er það, að velkominn skal þér vera af mér og þínum bróður og hans þéanlegu kvinnu, hver nú hafa forráð þessa heimilis, öll aðhlyning og fortæring, sem þú þarfnast, meðan þér þóknast hér að dvelja. Þú munt vera þurfandi fyrir þurrt og vott eftir fjallferðina, og skal ég nú skekkjast fram og láta húsmóðurina á þessu heimili vita um þína hingaðkomu. (*Stendur á fætur og leggur frá sér prjónana*).

ÓLAFUR

Staldráðu sem allra snöggvast, móðir mín. Ekki af ofmetnaði eða af öðrum syndarinnar lystisemdum, heldur til þess, ef unnt væri að létta þitt móðurhjarta ætla ég að opinbera fyrir þér einn lítinn virðingarinnar vott sem mér hefur verið sýndur sem verðugum starfsmanni í víngarðinum.

Krístrún horfir á hann. Ólafur hneppir frá sér hinni kennimannlegu treyju og innan undir henni er hann í bláum, fínprjónuðum peys og á honum eru rauðir stafir:

B. D. S.

KRISTRÚN

Nú, nú, Láfi litli! Hvað á svo þetta að fyrirstilla? Er það kannski meiningin að þú sért einn herrans höndlari?

ÓLAFUR

Það þýðir... þýðir bergenskir drottins sendiboðar, móðir mín, þeir sem drottinn hefur í sinni borg Bergen útvalið til að flytja sitt málefni út um heiminn öðrum fremur. Þetta er, þó að mér beri kannski ekki frá því að segja, útmerking, sem þeim einum af predikurunum frá þeirri borg okkar frændþjóðar er veitt, sem hafa sannprófast að vel unnu starfi meðal þeirra manna sem dýpst hafa kafað djúp spillingarinnar í knæpum og krám hafnarborganna út um heiminn og vanið komur sínar á hús... já, svona hús, sem... sem ég fæ ekki með orðum lýst og þú mundir heldur ekki geta hlustað á sannferðuga lýsingu af...

Krístrún lítur allt í einu snögg til gluggans.

KRISTRÚN

(*Hvíslar í barm sér*). Þá hefirðu nú fengið viljann þinn, Krístrún í Hamravík!

2. ATRIÐI

Í baðstofunni sitja Krístrún, Ólafur og Falur. Aníta kemur hlaupandi framan úr eldhúsinu; það fossblæðir úr fingri hennar.

KRISTRÚN

Hvað er nú þetta, kindin? Huh, því stendur hún þarna eins og steinn í hlaði?... Falur Betúelsson! Farðu ofan í kistilinn og náðu í hvítleita rýju – og komdu hérna, húsmóður-ómyndin, og láttu mig binda um þetta!

Falur og Ólafur standa snögglega upp.

ÓLAFUR

(*Grípur um mitti Anítu*). Sjáið þið ekki, að það er að líða yfir konuna? (*Leiðir hana að rúmbálknum. Hún er að líða út af en Ólafur styður hana varfærnislega*). Falur, bróðir! Ná þú í kalt vatn! Finndu karból og kreólín⁴, sem þú munt eiga ef að vanda lætur.

Falur rýkur til dyranna, Krístrún vindur sér að kistlinum og finnur þar hreint, hvítt léreft. Hún stingur hendinni ofan með rúmstuðlinum og dregur fram flösku.

KRISTRÚN

Ég mundi hafa haldið eftir einhverju á flösku, þegar lambalingarnir voru baðaðir í vor. (*Aníta líður út af í fangi Ólafs*). Falur, skepnan! Reyndu nú rétt að kvika, eins og einhver væri í þér volgur blóðdropinn! Komdu strax undireins með vatnið. (*Snýr sér að Ólafi*). Margt kynni nú svo sem til að bera í henni Hamravík! (*Falur kemur hlaupandi inn með vatnið*).

ÓLAFUR

Verið þið róleg! Hún raknar við fyrir herrans náð. Kom þú með vatnið, bróðir, og ljáðu mér rýjuna, móðir mín ... Hnepptu frá henni, móðir mín, so að blóðið geti fengið frítt hlaup um líkamann. Og Falur, bróðir! Vættu rýjuna í kalda vatninu og legðu hana á ennið á henni. (*Þetta er gert og Aníta rankar við sér*).

KRISTRÚN

Hana nú! Þar mundi hún nú rétt helst rakna við, hún Aníta Hansen. O, jamm og jæja! Hún mundi svo sem ætla að ná fluginu aftur, Falur Betúelsson.

ÓLAFUR

Sestu nú hérna, Falur bróðir. Ég skal binda um fingurinn. Snúðu andlitinu á konunni þannig, að hún sjái ekki blóðið.

FALUR

Tekur Anítu í fangið og brosir og raular.

Fuglinn í bjarginu
á fallegan unga.

⁴ Karból, karbólsýra, fenól – notað til sóttþreinsunar. Kreólín einnig notað til sóttþreinsunar.

Hvít er á honum bringa
og blóðrauð í honum tunga.
Hljójar honum móðir
á mosasæng
og svæfir hann undir
sínnum væng.
O, rírum, o, rírum,
o, rírum, o, ró.
Á morgnana flýgur fuglinn eftir
fiski úr sjó.

Falur raular nú aðra vísu:

„Horfumst við í augu
sem grámyglur tvær.
Það skal vera músin, sem mælir,
kötturinn, sem sig skælir,
fíflíð sem fyrri hlær,
folaldið, sem fyrri lítur undan,
og skrímslíð, sem skín í hví hvítar tennurnar“.

ANÍTA

Duhh! Sjá hvernig hann lætur! (*Stendur upp; gengur að hillunni; nær í greiðu; sest aftur og greiðir hár sitt*).

FALUR

Ehe! (*Tekur duglega í nefið og vísar sér að Ólafi*). Þú brúkar trúlega ekki svona, Láfi?

ÓLAFUR

(*Með auðmýkt og lítillæti*). Nei, þakka þér fyrir, bróðir... Svoleiðis þekkest ekki í útlandinu.

FALUR

Á, ekkí? Nei, maður hefur ekki séð það til þeirra norsku á stassjóninni. (*Nokkur þögn – stingur pontunni í vasann. Lítur á sárabindið á fingri Anítu, svo á Ólaf*). Hvernig er það, Láfi bróðir? Hefur þú eitthvað fengist við læknskúntir á ferðum þínum?

ÓLAFUR

O, ekki er nú orð á því gerandi, en herrann hefur stundum lagt fyrir mig að líkna þeim, sem óhöppin og andstreymið hefur leitað á dyrnar hjá, og þá hef ég reynt af veikum mætti að verða þeim að liði.

Kristrún heldur áfram að þrjóna, segir ekkert en hlustar og horfir á bræðurna.

FALUR

Hefurðu kannski lært eitthvað þar upp á?

ÓLAFUR

O, maður hefur nú séð margt á öllum sínum reisum um veraldarhöfin. Oftast er það svo að sjómaðurinn verður að bjargast við þá hjálp sem fyrir hendi er á hans skipi, og þar sem ekki eru fastir skipslækningar, þar verða skipsmennirnir að hjálpa hver öðrum eftir bestu getu og upplagi hvers og eins... Og það má teljast mesta furða hve langt ólærðir menn geta komist í læknislistinni með handleiðslu þess sem telur öll okkar höfuðhár.

FALUR

Þú hefur trúlega ekki verið sá sísti?

ÓLAFUR

Það er ekkert sjálfum sér að þakka í því efni... En satt er það, að mér hefur oft lánast vel að bæta úr neyð og vandræðum minna með systkina í herranum, sem fyrir höfðu orðið meiðslum og sjúkdómum.

KRISTRÚN

(Stingur þrjóni upp í kollinn og klórar sér snöggvast). Það mundi nú mega segja mér soddan. Ekki var hann Betúel Hallsson, þinn sæli faðir, að tvíla það fyrir sér að gera það sem gera þurfti í slysa- og vanskillegheitatilfellum. Ekki held ég að þær hafi setið margar yfir henni mér, yfirsetukonurnar sem úr honum landssjóði eru launaðar, og margri ánni hugsá ég, að hann Betúel sæli hafi lagt líknarhönd. Ekki vissi ég að hann ryki til læknis, þegar út blés á honum sleikifingurinn, sem þú sjálf sagst manst, Láfi litli, og þið Hamravíkurbæður báðir tveir. Hann mun víst hafa lagt hann á höggstofninn, þann útblásna fingur, og höggvið hann af með þeirri sömu öxinni sem upphafið var að hans meini.

ÓLAFUR

O, það hefur nú verið svipað hérna og á sjónum. Það hefur kannski ekki verið hlaupið til þeirra lærðu læknanna, og þá hefur ekki verið annað fyrir hendi en hjálpa sér sjálfur – og leita til útlendra sjómanna, sem mörgum hafa liðsinnt fyrir herrans náð og miskunn.

KRISTRÚN

O, já, já. Það ætti hún nú ég að þekkja og kannast við, fædd og uppalin hér á Ströndum á þeirri tíð, sem þær úttlensku duggurnar voru hér mest fyrir landi, að til duggara var oft leitað um björg og ráð, þegar ekki dugði skarvakálið, blóðbergsseyðið og hornblóðkuvatnið, sem okkar íslenska jörð veitir okkur gegn margri meinlegri plágu. Það man ég að hún móðir mín sæla sagði mér að hollenskir hefðu sér besta hjálpina veitt, þegar hún með barn á brjósti hafði blóðkýli í sínum munni. Það mundu hafa verið menn fyrir sig á þeirri tíð, þeir hollensku... Ekki myndir þú hafa komið til Hollands á þínum ferðareisum, Ólafur Betúelsson?

ÓLAFUR

O, jú, jú, móðir mín. Þangað kom ég á mínum flækingi um þessa gjálífu veröld.

KRISTRÚN

Á, aldeilis! Víða mundu nú vegirnir hafa legið. Þú hefur þá trúlega séð þar eitthvað af fyrirfólkinu, kóngaslekti og þess lags?

FALUR

Það kvað vera þar meykóngur – eða svo segir hann Skúli í „Þjóðviljanum“.

KRISTRÚN

Það er og. – Rétt eins og í Saba á dögum þess mikla Salómons. O, já, já. Þær mundu vera nokkrar fyrir fetann, kvenkindurnar sumar hverjar. Maður þarf svo sem ekki að vitna austur í heim. Líklega kannast hún Krístrún Símonardóttir við hana Hersilú – og þá þær Sigríði stóráðu og Gunnhildi kóngamóður... O, svo er nú það.

ÓLAFUR

Það er rétt. Það er drottning sem þar hefur af herranum þegið valdið.

KRISTRÚN

O, jamm og jæja. Og hvað heitir hún nú, sú mektarkona?

ÓLAFUR

Hún hlaut í skírninni nafnið Vilhelmína.

KRISTRÚN

Á, já, já. Þú hefur trúlega ekki séð hana, þá miklu búkonu á því hollenska búi?

ÓLAFUR

Omm, jú, séð hef ég hana og við hana talað; og seint líður mér líklega það úr minni, því ekki mun nú vera erfitt að sjá að æðri hönd hafi stjórnað þeim atburðum.

Falur er furðulostinn og Krístrún hættir að þrjóna.

KRISTRÚN

Svo þú sást hana rétt helst – og sprokaðir við hana, já! Er hún nú ekki þjóðleg og gestrisin, sú góða kona?

ÓLAFUR

Herranum sé lof og dýrð fyrir þær stundir og fyrir þá náð sem hann sýndi mér, aumri og vesalli mannkind í sinni hjörð. Ég veit það fyrir samvisku minni, að það er enginn hofmóður né hégómagirni, sem kemur mér til að segja ykkur, hvernig fundum mínum bar saman við þessa tignu heimskonu, og hvernig það allt til gekk, sem okkur fór á milli. En það gæti kannski sýnt ykkur, mínum nánustu, að minn hugur hefur ekki látið undan fyrir hversdagslegu aðsvifi, þegar ég helgaði líf mitt æðri þjónustu, heldur hafi æðri maktir staðið þar til rórs.

Krístrún hreyfir nú þrjónana hægt og nær hljóðlaust.

Það var sem sagt á þeirri tíð, þegar ég var heimsins barn og hugsaði svo sem um flest annað meira en það eina nauðsynlega. Ég var lengi á skipi frá Mandal í Noregi, stórrí fleytu mér liggur við að segja vel af guði gefin, en hún var eitt syndarinnar hús og ein glapstiganna Babýlon. Ég var ekki upphaflega annað en einn simpill madrósi, en úti á miðju Rauðahafinu, tókst mér að lækna fjóra meðbræður mína, sem höfðu uppádragið sig frönsku veikina í sinni blindni, og þá skrifaði kapteinninn heim til kóngs og skaffaði mér konunglegt lækningabevis, undirskrifað af Hákonni kóngi sjálfum og drottningunni yfir öllum Noregi. Þegar það gerðist, sem ég ætla nú að segja frá, komum við inn til Amsterdam, höfuðborgarinnar í meyríkinu Hollandi, með hlaðið skipið af úlfaldahúðum frá Kalífalöndunum, sem þið kannist við úr „Þúsund og einni nótt“, þó það sé óguðleg bók, saman sett til að þóknast hundinum Mahómet... Þegar búið var að losa skipið, þurftum við að bíða eftir nýrri frakt, og einn daginn bauð kapteinninn okkur, sem áttum að heita fyrimenn á skipinu, upp í þessa miklu borg, þar sem drottningin situr og allt hennar herlið.

Þegar við komum upp á þá götuna sem fegurst þykir – sáum við koma á móti okkur gyllta kerru með fjórum apalgráum, arabískum gæðingum fyrir. Á ökumannssætinu var gullborða-lagður ökumaður, og aftur í kerrunni sat stærðar risi með gyllta axlarskúfa og alls lags orður og krossa. Hjá honum sat kona, stór og fyrimannleg, í pelli og purpura, stráð medalíum og gimsteinum og gylltu víravirki. Má nærri því segja að simplir sjómenn fengju ofbirtu í augun af að horfa á alla þá veraldarinnar vegsemd og dýrð...

Stundarþögn. Krístrún er hætt að þrjóna, hún rær ekki einu sinni.

Allt í einu stansar kerran og þessi fyrikkona teygir út höfuðið. Kafteinninn okkar var í sínu úniformi og hún snýr sér að honum og segir:

Hver er þessi gáfulegi og reffilegi maður sem með þér er? Og hún bendir þarna á mig.

Kafteinninn svarar með reigingi og státi:

„Því lætur andskotans manneskjan svona? Sér hún ekki að þetta er íslenskur líflæknir?“

Í þessu snarast rumurinn út úr kerrunni og snýr sér höstuglega að kapteininum og segir:

„Vitið þér ekki, dóninn yðar, við hverja þér eruð að tala?“

En kafteinninn glotti í sínum hofmóði og sagði:

„Ég veit bara, að það er einhver sú ófróðasta kvenmannskind, sem ég hef fyrir hitt. Þekkjast ekki frægasta skipslækni sem á norskt fartau hefur stigið!“

Þá blánaði hann, sá með axlaskúfana, og blés í flautu – og það fullum fimm sinnum – og þarna þusti að á stundinni bæði pólití og ríðandi herlið.

„Takið þessa fanta og setjið þá í járn!“ þrumaði sá stóri!

En þá fékk hann nú olnbogaskot hjá kvenmanninum.

„Ég ætla ekki að fara að fylla öll fangelsi okkar lands af svona lýð. Takið þið bara lækninn! Það er best, að hann sýni hvað hann getur, og ef maðurinn minn verður ekki á fætur stiginn fyrir kvöldið, hress og fjörugur eins og unglamb, þá takið þið þennan skipslækni af, fyrir utan eystri borgarhliðin um sólaruppkomu í fyrramálið.“

KRISTRÚN

Annað eins og þetta hefur maður nú svo sem lesið í „Þúsund og einni nótt“, í riddarasögum og víðar, svo manni ætti kannski ekki að koma sérdeilis á óvart, þó að maður heyri að það hagi sér svona, þetta kóngaslekti!

ÓLAFUR

Þá beygja sig þarna allir í bljúgri lotningu og ryðjast að mér. Svo var farið með mig upp eftir strætinu, þangað til komið er að aldingarði með alls kyns undratrjám og ávöxtum. Svo var þá komið að geysistöru sloti, en þar var öll sú prakt og uppfynding sem mennirnir geta fyrir peninga keypt.

Ég var nú færður eins og hver annar galeiðupræll eftir ótal göngum og söllum, og loks var numið staðar með mig í stóru herbergi með rauðum silkigardínum fyrir hverjum glugga. Þarna inni var útskorið rúm með bláum skarlatssparlökum og við rúmið sat sama mektarkonan og verið hafði í kerrunni – en sinn geldingurinn stóð við hvern rúmstuðul. Og allt í einu rann það upp fyrir mér hvar ég væri kominn. Ég var auðvitað staddur í svefnherbergi þeirra Hollandshjóna, Hinriks og Vilhelmínu – og það mundi vera engin önnur en drottningin sjálf sem í kerrunni hafði verið og nú sat þarna við rúmið!... Einn geldingurinn svipti svo frá sparlökunum – og ég sá aldraðan mann liggja eins og í dái í öllu silkinu og skrúðinu. Ég gat nú svo sem sagt mér það sjálfur, að það mundi vera búið að reyna alla þá lækna sem til hefði náðst, svo að vonin um að mér mundi takast að lækna sjúklinginn var ekki ýkjamikil eða uppörvandi.

Ektamaki Vilhelmínu læðist inn í baðstofuna; ber sig aumlega; hóstar og leggur sig sem liðið lík í rúm Fals. Vilhelmína snarast inn á mitt gólf og er alveg í öngum sínum. Ólafur hagar sér eins og segir í textanum. Krístrún tekur bakföll og starir á kóngafólkið full undrunar og það gera einnig Aníta og Falur.

Ég staulaðist að rúminu og þreifaði á lífæðinni á sjúklingnum og formerkti það strax að hún sló ósköp dauft.

Hann er bara kominn í dauðann! hugsaði ég. Svo tók ég á kroppnum á honum og fann, að hann var alls ekkert heitur... Hvernig gat á þessu staðið? Ég lagði eyrað við brjóstið á honum og hlustaði í honum bæði hjarta og lungu. Hjartað í honum sló ákaflega seint og linjulega, en ekki nokkurn hlut rykkjótt – og við lungun... (*Grípur um kálfann og leggur eyrað við*). ...gat ég ekki heyrt að væri svo sem neitt sérstakt að athuga. Hvað gat þetta verið sem að honum gekk?

(*Krýpur á kné*). Það kom skyndilega yfir mig máttleysi og í fyrsta skipti í mörg herrans ár lyfti ég nú huganum til hæða og hneig niður á hnén, spennti greipar og horfði upplyftum augum til þess, sem öllu ræður. Og fram af mínum munn streyndu gömul og þekk

bænarorð á íslensku máli, bænarorð, sem hún móðir mín kenndi mér sem barni í þessari baðstofu hér í Hamravík norður við Íshaf.

Ólafur stansar augnablik í frásögninni. Háværar drunur heyrast útivið; eldingu lýstur niður og kofinn skelfur. Krístrún og hjónaleysin hrökkva við felmtri slegin.

(Hrópar í sömu andrá). En sjá! Allt í einu kváðu við úti dunur og dynkir, eins og fjöll og hæðir væru að hrynja – og aftur og aftur brá fyrir bláum og grænum eldslogum í herberginu. Og ég sá geldingana alla sem einn, hníga niður eins og þeir hefðu verið slegnir rothögg... Í þessu reið á svo voðalegur vindbylur, að slotið hristist eins og fjárhúskofi hér á Hamravíkurtúni í suðaustan Skarðaveðri á útmánuðum. *(Drottningin rekur upp óp,; rúmið hristist).* Mér varð nú litið á rúmið, og sá ég þá, að það hreint og beint skókst undir sjúklingnum og um hann fór hörkukippur; í sömu svifum reif hann upp augun og klóraði sér í höfðinu... Rétt í þeirri andránni varð í herberginu albjart af eldingu. Drottningin æpti upp fyrir sig *(Vilhelmína hoppar upp í fangið á Ólafi. fórnaði höndum og leit á mig angistar- og bænaraugum, rétt eins og hún teldi það víst að ég svo sem stæði fyrir þessu. Ég tók þá yfir um hana og kom henni á fætur, en gaf þó rúminu hornauga. Og þá sá ég að sjúklingurinn settist þarna í einu vetfangi upp við dogg og steytti hnefana:*

EKTAMAKI VILHELMÍNU

Hvaða ljósangangur er þetta, Vilhelmína? Og þú hér ein í fanginu á bráðókunnugum sjóara! Ertu orðin band-syngjandi-vitlaus, manneskja!

ÓLAFUR

Þið hefðuð átt að sjá drottningaraumingjann. Ég veit ekki af hverju hún roðnaði mest, sneypu, gleði eða undrun... Og þarna þaut hún að rúminu og kastaði sér á móti steyttum hnefunum á manninum sínum. *(Vilhelmína gerir eins og segir í textanum).*

VILHELMÍNA

Ó, Hinrik! Himnaríkisherranum sé lof! Þetta er þrumuveður – og maðurinn þarna er lífgjafi þinn! Þú hefur sofið samfleytt í sjö daga og sjö nætur, og enginn læknir í okkar víðlenda ríki hefur getað vakið þig, en *hann* hreif þig úr höndum dauðans!... Ó, Hinrik! Því ertu nú að setja í þig þennan dynt?“ Nú skal ég stökkva fram og láta sjóða fyrir þig egg! *(Vilhelmína strunsar út og Ektamaki hennar haltra á eftir henni).*

Þögn drygklanga stund.

KRISTRÚN

Nú, nú. Tók hann svo sönsum, kóngsskepnan, eða hvað maður á að kalla þá, svona menn sem giftir eru meykóngum?

ÓLAFUR

Jú, það lagaðist allt. *(Aftur verður þögn).*

KRISTRÚN

Þægði hún þér nú ekkert fyrir þetta, sú stóra kona?

ÓLAFUR

Móðir mín! Finnst þér ekki að ég væri nú þarna nóg búinn af herranum að þiggja, þó að ég ekki bætti við það góssi og gulli? Ég sagði við hennar hátign, drottninguna í Hollandi, sem vildi láta setja mig á hægri hönd sér við hásætið og hengja orður og krossa á brjóst mér og herðar, eins og hverjum öðrum veraldarinnar hofgæðingi, já, ég sagði við hana, móðir mín:

Mér ber ekki að launa! Launið þér honum, drottning góð, sem sendi eld af himnum á því rétta augnabliki og upphóf sína raust til þess að vekja þann sem svaf. Það er svo með mig að

upp frá þessu verður allt mitt líf herranum helgað, og yður vil ég ráða til að senda út guð-
hrædda og grandvara menn til þeirra, sem í myrkrunum ráfa, og þá ekki síst blámannanna á
Jövu og Súmötru, sem eru yðar eigin undirsátar.

Það má hún eiga, sú góða kona, að hún hrærðist í sínu hjarta og sá herrans handleiðslu í
þessu. Hún vildi búa út heilmikinn trúboðsleiðangur til sinna blámannalanda og bað mig að
vera foringja. Ég sagði henni að enga foringjatign vildi ég af henni þiggja, því fátækur og um-
komulaus vil ég reka erindi þess höfðingja, sem sjálfur átti aldrei neitt og laust staf sínum á
stein sálar minnar (*stendur upp og gengur framsviðs*) svo þar streymir úr lífsins vatn, í stað
syndarinnar vessa.

*Þögn um hríð. Falur situr eins og áður með pontuna milli handanna – í þungum þönkum.
Kristrún fer að þrjóna – þungbúin og hugsandi.*

Ljós hægt út

3. ATRIÐI

Ólafur kemur inn í baðstofuna, Kristrún situr þar með þrjónana sína.

ÓLAFUR

Manstu það, móðir mín, hvað hún Hamravík er talin mörg hundruð að dýrleika?

KRISTRÚN

O, það mundi hún nú trúlega muna, hún Kristrún Símonardóttir, þó að hennar minni eins og
fleiri hennar sansar, sé farið að verða ærið brostfeldugt í seinni tíð. Átta hundruð, skal ég
segja þér, Ólafspiltur. Þetta sagði mér Hallur bóndi í Hamravík, þinn sæli afi, sem hafði það
frá Einari mínum Pálssyni hreppstjóra, en hann mun hafa lesið það í þeirri margfróðu
Jónsens jarðabók, sem ég kann að nefna.

ÓLAFUR

Hún er þá með dýrari jörðunum hér norður frá?

KRISTRÚN

Það mundi nú svo sem hanga í að vera ekki fjarri því sanna og rétta, og líklega mundi hún
vera ívið gagnbetri en þær sumar herna vestur í Fjörðunum. Hér gefst margur góður drátt-
urinn úr honum sjó – og ekki mundu þeir ótíðir tólf marka silungarnir úr því Hamravíkur-
vatni. Þá mætti nú kannski nefna egginn og bjargfuglinn – og marga hafa þeir svo sem selina
slysað, þeir Hamravíkurbændur, herna á flúðunum norðan við hana Nestá. Og ekki mundi
rekinn vera einskis virði.

ÓLAFUR

Já, það er mikil björg og blessun, sem himnafaðirinn af sinni náð veitir manneskjunni. – En er
hún ekkert að minnka, silungsveiðin, svona í seinni tíð?

KRISTRÚN

O, ekki víst stórlega. Hann Falur mundi ekki enn hafa þurft að brúka net við þá veiði.

ÓLAFUR

Hafa nokkrir aðkomumenn veitt hér silung, móðir mín?

KRISTRÚN

O, jú, jú. Það mundi nú kannski láta nærri. Það hafa komið hér legátar heilt vestan úr Tangarkaupstað þessi seinni árin; læknisskepnan og með honum einhverjir hnébuxnakæglar.

ÓLAFUR

Gaf drottinn þeim góða veiði, þessum kaupstaðarmönnum?

KRISTRÚN

Trúlega mundi nú óhætt að uppástanda það. Tvo höfðu þeir stampana og tvær eða þrjár lagartunnur – og fóru með allt þetta stappfullt af flöttum og söltuðum reyðarsilung.

ÓLAFUR

Herrann sjálfur og hans postular leituðu sér fæðu í Genesaretvatni – og nú hef ég verið að hugleiða históriu þeirrar heilögu skriftar um þann mikla fiskidrátt, móðir mín.

Gengur hægt og rólega fram eftir baðstofugólfinu og fer út.

Ljós hægt niður og út, síðan fljótlega upp aftur í kvöldrökkur.

Ólafur, Falur og Aníta sitja frammi í eldhúsi, framarlega, hægra megin á sviðinu; hjá þeim logar eitt kerti. Látbragðsleikur þar sem Ólafur talar; Falur og Aníta hlusta. Ljóskeila á Krístrúnu þar sem hún þrjónar.

KRISTRÚN

Varla mundi hann Láfi nú telja sér nauðsynlegt að grennslast eftir gæðunum hennar Hamravíkur og standa í stífasta arresti, ef hann þenkti upp á annars heims vellystingar og unaðs-semdir. Mundi ekki frekast vera það uppi á teningnum að hans sinni væri eins og heldur að snúast að þessari veröld og því sem hennar er. Það var svo sem ekkert furðulegt, þó að hann taki jarðneskan kós, svo góða sem hann hefur fæðuna. Ekki held ég að hann sé að leggja sig eftir að gera hann Fal að síbiðjandi og syndaþyngdum volæðisaumingja, sem ekki megi brosa eða á neinn máta njóta náttúrulegrar þessa heims ununar. Kannski honum hafi dottið í hug að vel væri gerlegt að búa í tvíbýli í henni Hamravík? Og ekki mundi hún Krístrún gamla rísa upp á afturfætturna, þó að þeir bræður bræddu með sér eitthvað soddan. Hún Hamravík mundi geta mettað nokkra munnana, ef allt væri til hlítar notað. Bara að hann yrði þá svo-lítið út undir sig, Láfadrengurinn, og næði sér í kvenmannskind.

En það er ekki gott að ætla upp á, hvort nokkur státtin og stobbaraleg stúlkukind sjái sér akk í honum Láfa litla. Lakast, hvað hann – eftir sín fangbrögð við hana veröld – er allur eitthvað rýr og fuglahræðulegur. Kvenþjóðin vill hafa eitthvað fyrir tilfinninguna og augað, þó að hún sé ekki eins stíf þar upp á eins og hinn helmingurinn, sem oft og tíðum lagði meira an upp á fríðleikann, og þá sérdeilis mýktina, heldur en liðleg handtök og iðni og ástundun í öllu því daglega bardússi við börn og bú. O, jamm og já. Ef það gengi þennan veginn, ja, þá... Humm. Ja, þá skyldi hún Krístrún í Hamravík sitja á sínu rúmi og syngja með því sæla sálma-skáldi:

Til þess græna gæskuhaga
gjör þú mig að lokka og draga.
Í þinnar síðu lífsins lind
langar mig, þína sauðarkind.

Æi, jæja. Hún sæi þá öllu sínu svo borgið að hún þættist ekki hafa meira að krefja af þeim mikla kóngi kónganna. Reyndar skyldi hún ekki neita því, að meira en gjarna vildi hún tóra það lengi að hún fengi að sjá enn á ný einn lítinn og bjargarlausan barnunga liggja við móð-

urbrjóst í henni Hamravíkurbáðstofu og heyra hann reka upp sín háu og hvellu hljóð og he-
bresku sproka framan í gretta kerlingarhrotuna hana ömmu sína... En ekki getur ein mann-
vera vegið alla lífsins unaðssemð á sínum lófa. (*Litur til eldhússins*).

...Humm. Að það þurfi endilega að vera vont merki hvað þeir halda henni Krístrúnu gömlu
mikið utanvið? Sá útúrboruskapur þarf ekki að vera neinn vígahnöttur. O, jæja, þá. Þeir hafa
líklega ekki trú á því að hennar hrörnaða vitglóra skynji það, að nóg er olnbogarúmið í
Hamravík og að betur mega fjórar hendur fullar en tvær tómar. En hún skal nú ekki vera með
nein vanskillegheit... Það er kannski annars rétt og rigtugt að taka hann Fal tali. Hann er að
vísu ekki sérlega ræðinn hversdags. Það er ekki nema eitthvað sérdeilis beri upp á, að hann
smeygir fram af sér múlnum. Ég læt hann Fal formerkja, hvernig vindurinn stendur í pilsíð
hennar Krístrúnar gömlu, og leita mér þá fréttu um framtíðarþanka þess heimkomna arkar-
krumma, Ólafs Betúelssonar.

4. ATRIÐI

Krístrún situr á rúmi sínu og þrjónar; Aníta situr á sínu við saumaskapinn.

KRÍSTRÚN

Hún Krístrún gamla hefur ekki getað sprokað stórlega við þig í seinni tíð; hún hefur rétt ekki
getað numið þig nefi. Þið munduð mikið þurfa að ræða og reikna, bræðurnir hér í Hamravík.
Jú, jú. Fluggammur er hún nú, sú gamla Krístrún Símonardóttir, enda er svo að sjá og skoða
sem þið berið heldur plikt fyrir henni, svo lítið sem þið sitjið hér inni upp á síðkastið. Það má
víst segja að þar komi hann til, karlmennskuhugurinn harði... En við hvað munduð þið svo
sem skelkaðir vera? Ekki er nú sérdeilis trúlegt að hún tutlaði ykkur hreint í tætlur hún Krí-
strún, þó að þið settuð hana ekki hreint og aldeilis utan við ykkar bollaleggingar og ráðabugg.

ANÍTA

Ve-veistu það þá, Krístrún? Ertu þá ekki neitt re-reið?

KRÍSTRÚN

Huh! Hún Krístrún mundi nú fara nærri bæði um þetta og hitt. Hún mundi knapplega vera
hreint eins af göflunum gengin hennar skynsemi, eins og ykkur unga fólkinu sýnist trúlegast.
Séð hefur hún nú sól, tungl og stjörnur fyrr en í þeirri vikunni sem nú er að líða. Mannes-
kjunnar þenkingarmáti á vitaskuld alltaf sína kringilkróka og sín myrkragöng, en sú
manneskja, sem lengi hefur í henni veröld skóna troðið, mundi allt að einu og einatt geta
nærri um það farið, hvað þeim í þankann svífur, sem henni eru næstir og nálægastir.

ANÍTA

Ó almáttugur! Hvað ég er fe-hegin, Krístrún!

KRÍSTRÚN

Reið? Huh! Hvar fyrir skyldi hún ég svo sem vera reið? Þér og ykkur mundi víst vera það
hreinn óþarfi að drífa ykkur fram í búr eða eldhús, þó að þið þættust þurfa að koma undir
þak einhverjum kofa yfir ykkar framtíð. A, jæja, unginn minn!

ANÍTA

Hann Ólafur, þóttist svo viss um að þú mundir vera á móti þessu – og ég hélt það líka. Hann
verður svo glaður – og ég líka.

KRISTRÚN

Nú, hann Ólafur Betúelsson – mér, sem á að heita hans eiginleg móðir, ætti líklega ekki að vera það sérlega um horn og stökk, þó að hann legðist við stjóra – en það tel ég rétt helst óhætt að segja, að ekki mundi það nú hafa verið stórum lakara, að hann hefði átt einhverja gyllta skildinga frá þeirri góðu konu, Vilhelmínu, meykónginum í því landi Hollandi. En það er nú orðið sem orðið er, og þýðir ekki um að sakast, og ætlar hún ég það ekki að lasta, þó að þú að einhverju leyti látir Ólafspiltinn njóta góðs af þeim reytum sem hér eru. Og enda þótt það sé mín innileg sannfæring, að hann hafi spennt og spilað í rölt og reik og fáfengilegt líf-erni og háttelsi sínum bestu árum, þá ætla ég ekki að láta hann það í neinu heyra, þar sem þá líka ekki verður formerkt annað en að hann hafi nú orðið meiri velþóknun á silungi og sjávarfangi til daglegs brúks en á þeirri miklu bók, sem manneskjan á raunar að skaparans vilja til að grípa þá tímana, sem þar til eru settir. Að hún Hamravík geti ykkur fætt svo að þið ykjuð ykkar kyn og þyrftuð nokkrar munnholurnar að metta, það mundi trúlega óþarfi um að efast – því hér er mörg björgin og manneskjunni holl. Nú veit hún það vel, hún Krístrún gamla Símonardóttir, sem í tvíbýli er uppalin, að það hefur sína vankanta, en ekki er trúlegt að hann Falur Betúelsson mannskemmi einn eða neinn með fáfengilegu eða rætnu hjali, og hvað sem öllu líður, þá hefur hann Láfi litlu alltaf meinhægur verið og frekar lognhattslegur.

Undrunarstuna heyrist frá Anítu. Krístrún rær áfram með þrjóna sína. Aníta hleypur grátandi á dyr.

En hva-hva-hvað? Hvað er það nú?

Krístrún snarstansar í sínum róðri og horfir agndofa á hurðina sem skellur að stafnum. Hún lætur höfuðið síga og hreyfir þrjónana sérlega hægt og gætilega.

Ljós snöggt út.

5. ATRIÐI

Daufur, lóðréttur ljóspollur kemur upp á Krístrúnu þar sem hún situr á kassa úti í skemmu, lengst til hægru á sviðinu; hún þrjónar svo rólega að ekkert heyrist í þrjónunum. Hún er vör um sig, ætlar að njósna. Hægra megin við hana stendur laus staur upp við vegg.

Aníta situr við eldhúsbordið. Ólafur kemur inn frá vinstri.

Þaðstofan hefur breyst í eldhúsið með borði og bekk framsviðs; breyting sviðsmyndar má framkvæma með lýsingu.

ANÍTA

Það... var eins og ég alltaf viss-hi ... Hún er á mó-t-hi þessu, hún Kris-Krístrún – og hún hefur alltaf verið svo ... svo gó-hóð við mig!

KRISTRÚN

(Hvíslar að sjálfri sér). Á móti þessu ... Var þá ...

ÓLAFUR

(Sprettur upp eins og stálfjöður.) Fan í svarte, glohete helvete! Du har da vist ikke din... din jála, gát og fortalt det heile til det gamle skabeiste? Því ansarðu ekki, manneskja?

ANÍTA

Því ... því talarðu svona? Ekki skil ég þig, nema þú talir íslensku! Svo ertu eitthvað svo rei-ður.

Þögn. Ólafur sest.

ÓLAFUR

Ég vona til guðs, að þú hafir ekki farið að segja henni móður minni þetta svona... svona strax?

ANÍTA

Nei. En hún fór að tala við mig, og sagði, að við þyrftum ekkert að vera hrædd, því að hún væri ekkert á... á móti okkur. En þá var það allt tómur misskilningur, því hún hélt... Ó ég ge-et þetta ekki, Ólafur!

ÓLAFUR

Sagðirðu henni það þá – eða hvað?... Hvað varstu að segja að hún hefði haldið?

ANÍTA

Hún hélt ... hélt, að þú ætlaðir að setjast hér að með okkur og fara að búa – og það vill hún einmitt, að við búum hér öll á jörðinni... Og svo-ho ...

ÓLAFUR

Hvað sagðir... hvað gerðir þú... þú svo?

ANÍTA

Ég... ég fór að gráta – og svo stökk... stökk ég ú-hút!

ÓLAFUR

Og... og sagðir ekki neitt?

ANÍTA

Nei-he-hei! En hún var svo góð – og ég get þetta ekki... get þetta ekki, Ólafur... Ég, sem var búin að hlakka svo mikið til, og svo... og nú get ég þetta ekk-hi. Hún er svo góð og mik-hil manneskja, hún Krístrún. Og þú ve-eist það ekki Ólafur, hva-hvað hún er mikið búin að gera fyr-hir mig. Og það ge-etur ekki verið... guðs vilji, að við gerum henni á móti... móti skapi? Getum við ekki beðið þangað til hún einhvern tíma deyr? Get-hum við það ekk-hi, Ól-Ól-af-hur?

ÓLAFUR

Framar ber að hlýða guði en mönnum, Aníta Hansen. Nú hentar þetta, sem við höfum rætt, framgangi hans málefni, í þessu landi hér norður við Íshaf, þar sem mannfólkið lokar eyrunum fyrir hans hirðiskalli – og hösvast áfram þann breiða veginn í forherðingu og andvaraleysi. Hans reiði er ógurleg gegn þeim, sem þverskallast móti hans vilja og drottinlegu átoríteti, eftir að þeir hafa heyrt hans hirðiskall, en hans miskunn þeim til handa, sem elska hans boðorð og varðveita, hún er sæt eins og hunangið sem drýpur af hæðum Líbanons.

ANÍTA

Hún gengur aldrei inn á það, hún... hún Krístrún, og þá hef ég ekki... ekki hörku í mér til þess. Það væri líka... líka ó-guðlegt, Ólafur, eins og hún hefur verið mér góð, Ól-Ól-hafur!.

Krístrún starir fram fyrir sig, lotin í baki og með teygðan háls. Drjúg þögn.

ÓLAFUR

Heldur þú, Anít Hansen, að mér sé ljúft að gera þessari konu, Krístrúnu Símonardóttur sem ég er fæddur af, á móti skapi? – En ég veit að minn vilji er ekki *hans* vilji, þar sem ég er í synd fæddur og getinn – og að *hans* raust, þegar hann kallar til mín, er sú raust, sem til lífsins leiðir. Og... og hugleið þú nú... hugleið þú nú, hvað mér og þér er boðið af hans gæsku, ef við viljum brjóta í bága við okkar tímanlegar tilfinningar í þetta sinn. Hann *bara* krefur ekki af

okkur; hann umbunar. Þú átt að njóta margs, sem þú nú færð ekki notið, en þú þráir samt mest í þínu hjarta hér í einverunni. Herrann mun útvelja þér meðhjálp og þau börn, sem þú munt í þennan heim fæða! Hugsaðu þér það hlutskipti sem þeirra bíður nú, og berðu saman við hitt, sem þau eiga í vændum, ef þú lætur að kallinu. Sannlega munt þú, þegar Satan slettir sínu slori og slabbi á þá sem ganga vantrúarinnar vegi, sannlega munt þú geta sungið, hafandi ekki aðeins þig, heldur líka þína nánustu í huga:

*Af drottins hæðum drýpur
hið dýra hunang til mín.
Og sál mín ávallt sýpur
hið sæta náðarvín.
Er syndaþjónar sveima
í sorta um vítisgöng,
um gullna himins heima
og háa dýrðargeima
ég svíf í nægt og söng.
Halelúja, haa-lee-lúú-jaaa.*

Kristrún rykkir sér svolítið til á kassanum. Hún er orðin móð og heit og hallar sér nær sviðsmiðju og bíður spennt eftir svari Anítu.

ANÍTA

Ó, almáttugur, Ólafur! Ég má bara ekki til þess hugsa! Það væri svo óttalega, voðalega yndislegt... En Ólafur! Er það ekki leyfilegt að maður sé svona... svona vel kla-æddur, þegar nú t.d. er gott veður að... að sumrinu... í... í hvítum kjól – með blúndum og svo-svoleiðis... ? Það er nú í fallegum fötum á biblíumyndunum sem þú hefur sýnt mér, rauðum og bláum og allavegana litum – og kvenfólkið líka – þær Maríurnar – og Marta – – og svo þær hinar.

ÓLAFUR

O, jú, jú, barnið gott. Herrann vill hafa manneskjuna það innra klædda í kyrtil þess hreinasta sakleysis, þvegnum í blóði lambsins og með rósum og blómskrúði þeirra himnesku dyggða, og hví skyldi honum þá vera það til vanþóknunar, að það ytra sé líka hreint og fágað hjá þeim, sem ekki skarta fyrir mönnum, heldur fyrir þeim himneska brúðguma, honum til verðugrar vegsemdar – og hans himnesk-mannlega hjarta til vellystingar.

Kristrún kippist örlítið við og tekur um brjóstið.

ANÍTA

En hún Kristrún? Heldurðu að hún verði ekki voða, voða reið – held-heldurðu, að hún samþykki þetta nokkurn tíma?... Og hann Falur! Verður hann þá ekki með *henni*? Hann hefur... hefur eiginlega aldrei *sagt* neitt, hann Falur.

ÓLAFUR

Hann Falur? Nei, það er satt Aníta Hansen. Hann hefur ekki sagt neitt, en hann er nú ekki vanur að vera sérlega margmáll... En hann hefur heyrt okkur tala um þetta kvöld eftir kvöld og ég hef skýrt þetta skilmerkilega fyrir honum. Ég býst nú síður við, að hann kæri sig um að skiljast frá þér, og svo lítur hann nú, herranum sé lof, öðru vísi á mín orð nú orðið en fyrst. Og himnafaðirinn hefur gefið honum góða vitsmuni til að sjá og skoða hlutina í skynsamlegu ljósi, svo ég held, að það sé óparfi hjá þér, Aníta, að óttast hans meiningu eða vilja í þessu... Og með blessaða gömlu konuna: Ég er nú búinn að gera þér ljóst, Aníta Hansen, sem hingað hefur verið send í sérstökum tilgangi, að herrans vilji er yfir þínum vilja og mínum, svo og líka það, að hans vilji í þessum efnum er okkur ekki einungis eilíf blessun, heldur líka stundlegur gróði – og þá sérdeilis vinningur þeim börnum, sem guð af náð sinni mun gefa ykkur, þér og

mínum bróður... En svo ber líka að grandskoða það, hvað móðir mín blessuð, kynni að vinna við, að herrans vilji uppfyllist. Hún er nú orðin lasin og hefur svo sem ekki af miklum manni að má, og það mundi verða ólíkur þinn tími til að hjúkra henni og að henni hlynna. Og þegar hún sæti á sínu rúmi í ró og friði, hafandi nóg af öllu og með börnin ykkar í kringum sig, gróandi eins og fífla í túni, þá mundi hún einnig sjá, að herrann talar í gegnum minn munn í þessu. Svo mundi hennar ævikvöld verða fagurt og hlýtt, eins og blómstursins, sem hneigir sitt höfuð að moldu í héludögg haustsins – og sál hennar mundi fyrir víst öðlast þá sælu, sem þeim einum er búin, er til hans hafa snúist í anda og sannleika. Amen.

ANÍTA

Hana Krístrúnu langar svo voða, voða mikið til að hafa hjá sér lítil börn – og ég – ég – ef ég eignast lítil börn, þá ætla ég að láta heita Betúel. Henni hefur þótt svo vænt hann Betúel... Og Krístrúnu læt ég líka heita, ef ég eignast kannski fleiri... Heldurðu þá ekki hún fyrirgefi mér? Ó, þá yrði svo-o indælt að lifa, Ólafur!... Ef hún gerir það ekki, þá. .. Hún er svo góð, hún Krístrún, og mér þykir svo vænt um hana!

Krístrún hniprar sig saman.

ÓLAFUR

Það er vel og kristilega hugsað hjá þér, Aníta, þetta með börnin. Þau eru herrans náðargjöf, og þau kann hún móðir mín að meta af sínu stóra og stolta hjarta, þó að hún annars sem eitt syndarinnar barn sé vankunnandi um það, sem manneskjunni til friðar heyrir. Minnstu á blessuð börnin við hana núna, þegar ég fer vestur. Leiddu þau svona í tal og fáðu hana til að lifa í anda í sælli von um nýja móðurgleði á sínum gamals aldri, svo sem gerði hin sæla Sara, þó á annan máta og ólíku sé þar saman að jafna. Þetta fer allt vel, Aníta. Ég fæ hann Fal með mér vestur og hitti þessa menn, sem hér hafa verið við silungsveiði, og svo vona ég að geta keypt hús, sem geti verið ykkur bústaður, en mér það ból, sem ég kalla sauðina frá glötunarbrunninum og næri á lífsins himneska Brama. Þó að hún Hamravía sé afskekkt og varla mannabústaður nú á tíð, þá geta þessi syndugri skemmtanafýsn þjónandi veraldarbörn séð sér akk í henni, svo að þau borgi fyrir hana brúklegt verð...

ANÍTA

Hún sam-samþykkir þetta ald-aldrei.

ÓLAFUR

Herrans vilji er yfir þínum vilja og mínum. Hans vilji í þessum efnum er okkur ekki einungis eilíf blessun, heldur líka stundlegur gróði. En svo ber líka að grandskoða það, hvað móðir mín blessuð, kynni að vinna við, að herrans vilji uppfyllist. Hún er nú orðin lasin og hefur svo sem ekki af miklum manni að má. Og þegar hún sæti á sínu rúmi í ró og friði, hafandi nóg af öllu, þá mundi hún sjá, að herrann talar í gegnum minn munn í þessu. Hennar ævikvöld mundi verða fagurt og hlýtt, eins og blómstursins, sem hneigir sitt höfuð að moldu í héludögg haustsins – og sál hennar mundi fyrir víst öðlast þá sælu, sem þeim einum er búin, er til hans hafa snúist í anda og sannleika. Amen.

Krístrún fær verk í bakið og kippist til.

ANÍTA

Ef hún sam-samþykkir ekki, þá –

ÓLAFUR

Móðir mín, með sitt stóra og stolta hjarta, er eitt syndarinnar barn og vankunnandi um það, sem manneskjunni til friðar heyrir. Þetta fer allt vel. Þó að hún Hamravía sé afskekkt og varla

mannabústaður nú á tíð, þá geta þessi, syndugri skemmtanafýsn þjónandi veraldarborn, séð sér akk í henni, svo að þau borgi fyrir hana brúklegt verð...

Kristrún fær aðsvif og grípur um staur sem stendur upp við vegginn – og staurinn veltur út af með brauki og bramli.

En hvað... hvað er þetta, Aníta?

Það er hljótt nokkur augnablik. Ólafur gengur í átt að skemmumni og skimar inn en sér ekkert. Kristrún situr grafkyrr og skjálfandi í hnipri, nánast í myrkri. Nokkur andartök stendur Ólafur í gættinni – það fer hrollur um hann – og hann hörfar inn í eldhúsið. Það líður nokkur stund í þögn.

ANÍTA

Þetta hefur líklega verið hann Kollur?

ÓLAFUR

Kollur. Herrann er mitt skjól og minn skjöldur gegn vonsku veraldarinnar og... og öndum myrkranna!

Kristrún tekur eftir draughræðslu Ólafs. Stutt stund líður þar sem enginn bærir á sér. Ljós fara snögg út á miðsviði, Aníta og Ólafur fara af sviði til vinstri. Þá rís Kristrún hægt upp.

KRISTRÚN

(Horfir upp á við). Svo þú hélt það já, sá hæsti! O, jamm og jæja. Humm. Hún Kristrún gamla Símonardóttir liggur nú ekki ennþá hundflöt og afvelta fyrir fótum síns skapara. Ó, ekkí, herrann sæll og ljúfur!

Ljós snögglega út

6. ATRIÐI

Rökkurbirta. Kristrún situr á rúminu sínu og þrjónar ótt og títt.

KRISTRÚN

Hann hefur verið nokkuð fyrir fetann í kvöld, *drengurinn*, sem fáir heyra og enn færri fá augum litið. Eitthvað veit hann eða vill hann núna, svo kvikur sem hann er og otureygur. Það þætti henni Kristrúnu gömlu eins og trúlegra, að hann Hamravíkur-Kollur þættist þurfa að skoða einhvern hér á þessu heimili... Hummum hum. Humm, o, jæja.

Aníta kemur inn; hún er með svuntu; fer að rúminu sínu og setur upp aðra svuntu.

KRISTRÚN

Ertu búin að hreyta hana Randalín, unginn minn?

ANÍTA

Ja-á.

KRISTRÚN

Er sá góði maður, Falur Betúelsson, kominn heim?

ANÍTA

Já, hann var að koma. Hann tutlar ærnar fyrir mig... Ég ... ætla að færa þér grautinn.

KRISTRÚN

Hugsunarsamur er hann um sína kvinnu, sem einu gildir og þeim sæmir, sem er eiginlegur sonur þess sæla Betúels Hallssonar... Kveiktu á týruskömminni, dúfan. Það er farið að verða nokkuð skuggsýnt.

Aníta tekur eldspítur úr barmi sér og kveikir á týru, sem hangir á nagla í sperrunni fyrir ofan rúmin.

Hann hefur verið nokkuð fyrir fetann í kvöld, *drengurinn*, sem fáir heyra og enn færri fá augum litið. (*Aníta hrekkur við og lítur skelfd á Krístrúnu*). O vertu ekki að sperra upp þínar dökku sjónir, Anítuhró. Hann mundi ekki ætla að befatta sig með þig, drengurinn sá arna, því hún Krístrún hefur tví- eða þrígang séð hann h-rfa af þinni götu – og það seinast í morgun, þegar þú komst hérna inn. En eitthvað veit hann eða vill hann, svo kvikur sem hann er og otureygur.

ANÍTA

(*Aníta sígur niður í rúmið*). Hvern ertu... ertu að tala um, Krístrún? ... Það er svo ó-óhuggulegt, Krístrún! Ó, almáttugur hjálpi mér! ... En hann Ólafur hlýtur að geta hjálp-hjálpað!

KRÍSTRÚN

Svona! Nú mundi þér alla reiðu óhætt, unginn minn. En það þætti henni Krístrúnu gömlu ein og trúlegra, að hann Hamravíkur-Kollur þættist þurfa að skoða einhvern hér á þessu heimili – og að sá hinn sami – og að sá hinn sami mætti rétt helst sýna honum eggina á sínu viljans vopni... Þú skalt ekki láta þér verða bilt við, Anítuskinn, þó að hann kunni að brambolta hér í bæjarkorninu á þessu kvöldi. (*Faðmar Anítu; signir hana þrisvar og kyssir hana á kinnina*). – Nú, nú, rýjan mín! Farðu nú fram og sæktu þinni tengdamóður grautarsleikju. (*Aníta stendur hægt upp og gengur fram í búið*).

Ólafur kemur inn í baðstofuna. Þrjónarnir stansa í höndum hennar og hún starir utan við sig á Ólaf. Hann nemur staðar utarlega á sviðinu og horfir á móður sína. Aníta kemur með skálina.

Draugurinn Hamravíkur-Kollur birtist í daufu ljósi fyrir aftan Ólaf.

Krístrún otar fram þrjónunum sínum, höst í máli og látbragði.

Víktu þér nú rétt til, Láfi litli! Hann sýnist þér ekki svo sem hollur, *drengurinn*, sem á bak við þig stendur!

Ólafur hörfar til hliðar og hálfleið að rúminu sínu. Krístrún hraðar sér í átt að draugnum.

Hvaða uppástæðilegheit eru þetta í þér, hróið mitt og hræið? Vertu rétt helst til friðs, eins og þinn plagsiður hefur verið í seinni tíð. Þú mættir kannski muna takið sem hann Hallur sæli tók þér hérna í göngunum. Snautaðu nú fram og reyndu að vera ekki að skrumskæla þig þetta, skömmin! Yfir hverju þykistu svo sem þurfa að geisa og grána í lundinni. Hér eru engir nema við sem þú hefur alltaf sýnt meinleysi – og svo hann Ólafur Betúelsson, sá herrans þjónn – og mundi þér nú trúlega vera skammskást að uppbyrja ekki neinar brellur við soddan mann, stálsóðinn í krafti alls þess, sem vera mundi hæst og heilagast og þínum svarta meistara andstyggð og eyðilegging. Hann Ólafur mundi líklega þora að sjá framan í snjaldrið á þér, þó ekki sé það bermilegt, allt grett og skælt og fullt af mold og svörtu sóti úr rangölunum hérna. Fussum og bja, bja að finna upp á soddan! Svona, tötrið! Töltu nú fram í skotið þitt og hringaðu þig þar niður!

Draugurinn lyppast niður og flýtir sér í skotið. Krístrún fer með ró og stillingu inn á sitt rúm og tekur upp þrjónana. Ólafur og Aníta eru staðin upp og horfa ýmist á skotið eða Krístrúnu; þau sjá ekki drauginn og vita greinilega ekki hvað á að halda.

Settu þig niður, Anítuskinn. Láttu uppþvottinn og mjólkurstússið eiga sig þangað til í fyrramálið. Það er orðið svo dimmt í göngunum, og þó að þessi skömm hreyfi þér ekki, þá er ekki rétt, að þú sért neitt að terra þig framan í hann, meðan þessi ótugtargassi er í honum. Tylltu þér líka niður, Láfi litli, og reyndu heldur að hafa róandi áhrif á þetta tötur, sem hér er að flækjast og snudda.

Draugurinn hrökklast nú út göngin.

Ólafur sest niður. Það heyrir fótatak í göngunum – og Krístrún og Ólafur líta upp. Falur gengur inn. Andvarp heyrir frá Ólafi. Falur stíkar föstum skrefum inn baðstofugólfið, tyllir sér og tekur í nefið. Um hrið er ekkert orð talað.

ÓLAFUR

Varst þú... þú var við nokkuð í göngunum?

FALUR

Ekki svo sem nema tíkarkvikindið hana Hersilíu. Hún var þar að spankúlera, svo að ég var nærri dottinn um hana og kominn á nefið... Ehe! (*Krístrún umlar og í sömu svifum heyrir tíkarnóran spangóla úti á hlaðinu*).

KRÍSTRÚN

Humm, o, já, já! Þú mundir trúlega geta látið okkur heyra eitthvert gott orð, Ólafur Betúelson?

FALUR

Hún er sjálfsagt farin að spekulera í tunglinu, sú mórauða. Þeir eru flestir fyrir þessar himinhnattagægjur, hundarnir.

KRÍSTRÚN

O, vel segir þú, Falur kempan. O, jamm og jæja!

Ólafur er nú kominn með þykka bók á milli handa sinna.

ÓLAFUR

Ehemm, uhum! Verið stöðug í trúnni og treystið þeim eina sem er voldugur og mektugur gagnvart því illa. Ehemm! Sá sem heyrir guðs orð og meðtekur það með sannri hugarins innlifun, hann er sterkari en eikin, hver teygir rætur sínar niður á steingrunn bjargsins og sína krónu upp í himinljómann. Hann þarf ekkert að óttast. Ekkert er honum skelfilegt. Ég vildi, móðir mín, áminna þig um, þó að ég sé þinn sonur og þú mín móðir, að drottinn er okkar stoð og stytta gegn myrkranna hersveitum. Og það hæfir ekki sannkristnu fólki að vera með bábiljur, hjátrú og heiðinglegar særingar, sem eru drottni andstyggð, en myrkranna hersi næsta þóknanlegar.

Krístrún stynur lágt, lætur þrjónana falla í keltu sér og drýpur höfði.

KRÍSTRÚN

O, þetta kann satt og rétt að vera, Ólafspiltur. En við erum nú svona, þessi gamla slekt, sem uppalin er í heiðinni trú á kynngi og kynjaverur. Vegna stórra fjarlægða og eymdaramls og bardúss heima fyrir, höfum við ekki í herrans hús komið nema rétt sem naumast má duga til sáluhjálparvona – og ekki umgengist hans orð í heimahúsum, svo sem vera skyldi. Og enga höfum við kristindómsins uppfræðslu fengið nema úr þessu stutta kapitlakveri, sem við

áttum að stagla fyrir konfirmeringu undir handleiðslu fákunnandi foreldra og eins gamals útkjálkaprests. Ó, herrann sæll og ljúfur! Svo er nú þa-a-ð!

Falur og Aníta horfa undrandi á Krístrúnu. Ólafur horfir á þau og mjakar sér til á rúminu.

ÓLAFUR

Sá, sem játar sína bresti og sína fákunnáttu í herranum, hann situr rétt nokk í myrkri, en hann snýr sinni ásjónu þangað, sem sól þekkingarinnar rennur úr hinum dökku næturdjúpum. Í myrkrunum búa andar, en þeir hafa ekki makt eða mátt til að þjóna sínum svarta Satan, nema manneskjurnar gangi í syndasortanum dýrkandi sitt hold og þá jarðnesku muni, sem mölur og ryð fá grandað. Ég veit það og finn í minni sál, að ég er frelsaður og frí úr fjötrum þess ógnarbílds, sem andskoti er nefndur á vorri þjóðtungu, en Belsebubb eða Satan á því gríska og hebreska máli, sem sú heilaga skrift er upphaflega skráð á með ljóssins geislaf, guðs eigin vísifingri í þessari veröld. Og þegar ég hef nú lesið hér í herrans orði og beðið bæn, svo sem andinn innblæs mér í sínum krafti gegnum mitt hreinsað hugskot, þá mun friður og ró færast yfir þetta heimili, ef þið, í holdinu nánustu með systkin, rennið huganum til hæða og inntakið orðið með opnum munni sálarinnar. Sérlega og aldeilis vil ég biðja þig, mín kæra og hjartaprúða móðir, að þú látir ekki lokast þín hugarkynni á ný, heldur opnir þau upp á gátt, sem eitt vertshús við veginn, hvar sá himneski brúðgumi geti tekið sér náttstað allt til þíns endadægurs, hvert kynni nær að vera en nokkur veit, nema sá sem eldist ekki, þreytist ekki og breytist ekki.

Allt í einu heyrst dálítið þrusk eins og hönd sé strokið við vegg eða að eitthvað þjóti um loftið. Og í sama bili slokknar á týruvesöldinni sem hangir yfir rúmi Fals. Ljósinn á sviðinu dofna. Bræðurnir hafa horft til allra átta skelfingu lostnir en Krístrún einblínir á drauginn sem nú er kominn aftur inn í baðstofuna.

Draugurinn skríður inn gólfíð, því fylgir stapp og fótadráttur – og rétt á eftir heyrst skellur. Síðan er engu líkara en eitthvað sé dregið eftir baðstofugólfinu – en loksins verður allt hljótt.

FALUR

O, sei, sei! Nú þykir sumum hann Hamravíkur-Kollur fara að verða pratinn!

KRÍSTRÚN

Þú, minn sæli sonur, Ólafur Betúelsson, okkur af náð sendur, fáfróðum og vanörtuðum mannkindum! Hjálpa þú nú með þínum trúarinnar anda og krafti, því sú illa veran, sem hér er á rölti, sýnist svo mögnuð af einhverri svartri kynngi, að til soddan munu vart finnast dæmi hér á voru landi Íslandi, nú til dags. Og væri hún það, sem við hér norður á veraldar-halanum höfum kallað Hamravíkur-Koll, þá mundi hún Krístrún Símonardóttir segja, að hann vissi einhver fárlegheit í vændum.

ÓLAFUR

Tendraðu ljósið, Falur bróðir, svo að ég megi lesa í þeirri heilögu bók, sem ég hef hér í hendinni og hefur herrans orð að geyma.

KRÍSTRÚN

Það skal hún ég gera – þó að ég sé ekki orðin nema eins og hvert annað hálfkulnað skar. Hvar mundu þær nú vera hjá mér, fírspýturnar? Ekkert man ég, vesalt hró. Jú, undir höfðinu á mér mundu þær liggja.

Krístrún þruskar í rúm fötunum og svo skjáfar í eldspýtnastokk. Hún dregst yfir gólfíð og tekur allt í einu snöggan kipp. Það skjáfar á ný í eldspýtnastokknum og Ólafur rykkir sér til – bókin dettur í gólfíð – og hann hendist upp af rúmi sínu.

ÓLAFUR

Gud, akk gud! Velsignet vere dit namn!... Líttu í náð til þíns veika sonar á þessum voðastað!
Ólafur riðar á fótunum. Falur situr grafkyrr, Krístrún stendur eins og steinrunnin.

FALUR

Því segir þú ekki eitthvað, sem krassar, Láfi bróðir, úr því að hann er að þessum derringi? Það ætti að vera óþarfi að láta honum haldast þetta uppi!

ANÍTA

O, hjá-hjálp-haðu hnú, Ól-haf-hafur!

KRISTRÚN

Soddan stand og stæða! Sló hann þar ekki, forsmánin, stokkinn úr mínum gömlu og dofnu höndum og beint í andlit míns útvalda sonar... En vertu nú rólegur, Falur skepnan. Hann Ólafur stendur okkur bí með sínum náðarkrafti, og nú ætla ég að staulast yfir á mitt hvíluрум í því fulla og fasta trausti, að undir hans trúarinnar og máttarins verndarhendi sé okkur enginn háski búinn. Hún ég er orðin feyskin í rótina og ekki skepna til að standa í svona, enda vantar mig það trúarinnar vígða stál, sem myrkranna herskarar hoga fyrir út í sitt brenni-steinsdiki... Það mundi best, að þú byrjaðir á því að kveikja, Ólafspiltur. Hann slær varla stokkinn úr höndunum á þér, sá leiði lubbasokkur.

Ólafur beygir sig niður og þuklar eftir gólfínu. Það skjáfur í eldspýtnastokknum þegar hann finnur hann og Ólafur réttir sig upp. Hann tekur upp eldspýtu en hún brotnar og dettur á gólfíð þar sem hann er skjálfhentur. Hann kveikir nú á annarri en brennir sig á henni og kippist allur til. Hann nær loks að tendra ljós á týrunni, fer að rúmi sínu. Því næst tekur hann hina helgu bók með snöggu taki upp af gólfínu, opnar hana skjálfandi höndum.

ÓLAFUR

(Les með titrandi róm):

„Sætt er svikabrauðið,
en á eftir fyllist munnurinn möl...“

Hóstar og ræskir sig – og skimar augunum til móður sinnar.

„Sá, sem formælir föður og móður,
á hans lampa slokknar í niðamyrkri.
Arfur, sem í upphafi var skjótfenginn,
blessast ekki að lokum...“

Amen. Herranum sé lof fyrir hans orð!

Krístrún lítur á þau Fal og Anítu sem horfa á Ólaf með undrun sem breytist skjótt í óbeit. Draugurinn hefur fram að þessu hringað sig í skotinu en nú krafsar í baðstofuvegginn og emjar á máttlega; rýkur á dyr.

Ólafur hrekkur saman og hin helga bók nötrar í höndum hans. Svo sem andartak er steinhljóð.

FALUR

Þetta er nú víst sú náttúrulega mórauða tík, ef ég er ekki orðinn eitthvað rambúneraður á heyrn. Það er trúlega réttast að ég ráfi fram að dyrunum og opni fyrir henni.

ANÍTA

(Aníta þrífur rígfast um kragann á skyrtu Fals). Ó, vertu ky-y-rr, Falur! Í guðanna bænum, vertu ky-y-rr. (Grípur um magann). Nú... nú fann ég... fann ég hreyf-hreyfast, undir brjóst-brjóstinu á mér, Fa-Falur. Ó, ert-vertu nú kyrr!

KRISTRÚN

Nú skulum við fara að róa okkur, ungarnir mínir. Hún Krístrún gamla þenkir svona með sér, að ekki muni hann hafa þóst eiga erindi við okkur þrjú, sá, sem hefur verið hér að bauka og brambolta í kvöld, heldur við þann af Hollands meykóngi og Norvegs kristinfólki útmerкта Ólaf Betúelsson, sem hefur á þessu kvöldi sýnt sinn kraft og anda og lesið eina litla lexíu þess mikla kóns og kvennaljóma, Salómons. Og þú, Ólafur Betúelsson! Þú munt vilja rísa árla úr rekkju á morgun og hafa blessaða dagsbirtuna yfir hana Straumavíkurheiði. Það mundi vera eins og viðkunnalegra fyrir þig, ef hann kynni að labba á leið með þér, *drengurinn* hérna. Svo vildi hún móðir þín það þá við þig segja, að kynni þú í nauð að lenda, svo að þú vildir sem eitt barn þess Hamravíkurheimilis með hóglæti og blátt áfram meðtaka þá fæðu, sem hér fæst með súrum sveita, þá ratar þú göturnar – og þá mundi hann þér engar skammferingar gera, hann Kollur, hræið... En hitt mundir þú hafa séð, að það af vættum og verum, sem hér kann að vera á slæðingi, hefur ekki á því neinar mætur, að þú sitjir hér og ríðir net vélræðisins á riða guðrækninnar og með herrans orð fyrir netnál!

Hún sest. Bræðurnir og Aníta sitja hljóð og horfa niður í kjöltur sér.

Ljós út

7. ATRIÐI

Ljós upp á Ólaf þar sem hann lötrar eldsnemma úr garði á sínu ættaróðali [aftur eftir salnum í leikhúsinu]. Krístrún horfir á eftir honum; þegar hann hverfur sýn, hrökkva tærir dropar af augum hennar. Hún lyftir höfðinu, starir lengi þegjandi.

KRISTRÚN

Humm. Þegar þú sendir hann arkarkrumma heim í föðurhúsin, þá kynni þú nú svo sem að hafa meint að sýna henni Krístrúnu gömlu að ekki veit hún alltaf, mannkindin, hvers biðja ber. Og sporin þín, ekki síður en mín í gærkvöldi, mundu stundum vera þung, þegar þú ert að amstra og bardússa við þín börn, dreifð um veraldarinnar stóru kringlu og misbrúkandi þann frívilja sem þú stakktst í þeirra mal um leið og þú skaust þeim inn í þennan heim og þar sem þú lést mig nú, fría og óhindraða greiða þessa flækjuna eftir bestu getu. Minnsta kosti mun hún ég ekki setja í mig neinn hofmóð, þegar hlutaskiptin eiga fram að fara. Og þó... Yrðir þú með eitthvert rex eða vesen út af mínu áralagi, þá er nú hætt við, að ég legði kollhúfur... Jú, það mundi ekki þurfa henni Krístrúnu að segja, að stundum hefur gengið böslulega að halda í horfinu. En þá er að því að gá, að það er ekki alltaf sléttur sjór fyrir þeim köldu Ströndum þessarar heimsvistar...

Krístrún gengur inn í baðstofuna og að rúminu sínu, þrífur þrjónana og þokar skuplunni frá eyrunum, yfir hana færast vellíðunar bros.

ANÍTA

(Raular frammi í eldhúsi):

„Sjáðu, þó buni blóð
blæðandi þjóðaræð,

gróðann á lífsins leið,
ljómandi mannablóm“.

Kristrún hallast nú upp að súðinni líkt og hún sofi með prjónana í sínum hnýttu höndum í kjöltunni. Aníta kemur inn; hleypur til hennar; krýpur við kné hennar og hjúfrar sig að henni.

ENDIR

Athugasemdir höfunda um leikverkið *Kristrún í Hamravík* (2021)

Til leikstjóra, leikara og leikhússtjóra

1. Við höfum reynt að hafa millitexta og texta innan sviga stutta og hnitmiðaða. Við teljum að leikstjóri og leikarar eigi að hafa fullan rétt á að túlka textann á þann hátt sem þeim finnst réttastur. Enda eru þeir best til þess hæfir að skapa þær persónur sem þeir vilja sýna á sviðinu.
2. Styttningar í verkinu ættu ekki að hafa rýrt verk Hagalíns, því þær miða nánast eingöngu að því að þjappa textanum saman, ekki síst þar sem um áhersluatriði er að ræða: oft er í frumtextanum hnykkt nánar á því sem búið er þegar að nefna.
3. Leiksvið. Í stað þess að byggja baðstofu á sviðinu svo og hurðir að göngum, eldhúsi og búri, þá mætti hugsa sér að afmarka svæðin með einföldu tréverki og ljósum.
4. Hik og tafs Anítu er nákvæmlega útfært í leikverkinu eins og Hagalín setti það fram í texta sínum. Þar með er ekki sagt að leikkonan þurfi að fara nákvæmlega eftir því í túlkun sinni, heldur er mikilvægast að andi óöryggis hennar og hræðslu náist fram.
5. Ólafur býður upp á fjölbreytilega túlkun. Í formála Hagalíns að verkinu kemur fram hversu gagnrýninn hann var á starf trúboða, ekki síst í Noregi. Allir kækir presta, væmni, upphafning og svo framvegis, má vera í túlkun leikarans, en ekki er nauðsynlegt að búa til karakter sem er í alla staði samkvæmur sjálfum sér og þar af leiðandi einhliða væminn eða einhliða mæðarlegur. Á stundum er eins og Ólafur sé að æfa sig fyrir ræðuhöld.
6. Í tengslum við *Kristrúnu* þarf að passa upp á: Konan er einstakleg hörð af sér, stundum kaldranaleg; hún er afburðagreind og getur því oft talað mjög hratt. *Kristrún* er ekki gömul, nema líkamlega. Hún er ung og fersk bæði í anda og gáfnafori. Leika þarf hana á mjög fjölbreyttan hátt, þar sem hún hefur svo mikinn texta í verkinu og er í stórum hluta verksins á fleti sínu að prjóna.

Hallgrímur og Árni